

Til forsætisráðherra

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 83/1994 um umboðsmann barna hef ég látið taka saman skýrslu þessa um starfsemi embættisins.

Embætti umboðsmanns barna átti 18 ára afmæli í upphafi árs en embættið var stofnað með lögum nr. 83/1994 sem tóku gildi 1. janúar 1995. Af því til efni bauð umboðsmaður vinum og samstarfsfólki í afmælisveislu í byrjun ársins auk þess sem fólk var boðið velkomið í nýtt húsnæði umboðsmanns.



Starfsárið 2013 var viðburðaríkt hjá umboðsmanni barna og starfsfólki hans. Megináherslur ársins hjá embætti umboðsmanns barna voru annars vegar málefni barna með sérþarfir sem eru á svokölluðu „gráu svæði“ og hins vegar málefni barnaverndar.

Í byrjun árs var langþráðu markmiði náð þegar samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins eða Barnasáttmálinn eins og hann er oftast kallaður var lögfestur á Alþingi 20. febrúar 2013. Lögfesting sáttmálans hefur verið baráttumál embættisins á undanförunum árum og fagnar umboðsmaður því að hann sé orðinn að lögum. Umboðsmaður barna vonar að lögfesting Barnasáttmálans verði til þess að réttindi og hagsmunir barna á Íslandi verði betur tryggðir.

Í apríl fóru umboðsmaður og starfsfólk embættisins til Írlands og N-Írlands í námsferð en styrkur hafði fengist frá Leonardo-áætluninni til þess. Fyrirnefnd lönd hafa vakið athygli umboðsmanna barna í Evrópu fyrir framúrskarandi starf í þágu barnalýðræðis, m.a. með því að virkja ólíka aðila samfélagsins til að huga að viðhorfum barna. Tilgangur ferðarinnar var því að hlusta eftir hvernig þessi lönd hafa unnið að innleiðingu 12. gr. Barnasáttmálans og læra af reynslu þeirra.

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna hefur verið starfandi frá árinu 2009 og er sérstaklega ánægjulegt hvað hópurinn hefur vaxið síðan þá en margir nýir meðlimir hafa bæst í hópinn. Þau ungmenni sem hafa tekið þátt í starfi hópsins á liðnu ári hafa sýnt mikinn áhuga á réttindum barna. Í upphafi árs fundaði ráðgjafarhópurinn með menntamálaráðherra auk þess sem ýmis verkefni voru á borði hópsins. Hægt er að lesa meira um störf ráðgjafarhópsins í þessari skýrslu.

Að lokum vill umboðsmaður barna þakka nemendum í Hólmavíkurskóla fyrir þá vinnu sem þeir lögðu í við að búa til listaverk sem birtast í eftirfarandi skýrslu.

Reykjavík, 1. febrúar 2014,

Margrét María Sigurðardóttir



EFNISYFIRLIT

Til forsætisráðherra.....	1
STARFSEMI EMBÆTTISINS.....	5
Hlutverk umboðsmanns barna.....	5
Starfsfólk umboðsmanns barna.....	5
Erindi.....	5
Samskipti við börn.....	6
Heimasíða umboðsmanns barna.....	7
Verkefni umboðsmanns barna.....	7
Kynning á embætti umboðsmanns barna.....	7
ORÐ OG EFNDIR.....	9
BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA	10
FJÖLSKYLDUMÁLEFNI.....	12
Staða breytinga á barnalögum nr. 76/2003.....	12
BARNAVERND	15
Staða barnaverndarmála	15
Álag og skortur á fjármagni hjá barnaverndarnefndum.....	15
Rekstrarvandi Barnaverndarstofu.....	16
Enn vantar meðferðarúrræði fyrir börn í alvarlegum vanda.....	16
Kynferðisbrot gegn börnum.....	18
Nauðung gagnvart börnum í sérúrræðum á Íslandi.....	18
Bann við umskurði drengja	19
BÖRN MEÐ SÉRÞARFIR	20
HEILBRIGÐISMÁL.....	22
Tannheilbrigði.....	22
Tannlæknaþjónusta fyrir börn í bráðavanda	22
SKÓLAMÁL.....	24
Verklag fagráðs eineltismála í grunnskólum.....	24
Lengd viðvera í skólum.....	24
Kaup á skólabókum.....	25

HVENÆR RÁÐA BÖRN SJÁLF?	27
ÞÁTTAKA BARNA.....	28
Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna.....	28
Fundur með mennta- og menningarmálaráðherra.....	28
Sérfræðihópur barna sem eiga foreldra sem glíma við áfengis- og vímuefnavanda	30
Ungmennaráð	32
AFBROT	33
Meint brot lögreglumanna	33
Sakavottorð.....	34
NÁMSFERÐ TIL ÍRLANDS OG N-ÍRLANDS	35
UMSAGNIR	38
SAMSTARF	40
Innlendir samstarfsaðilar	40
Erlendir samstarfsaðilar	42
HEIMSÓKNIR, FUNDIR, MÁLÞING OG RÁÐSTEFNUR	44
Heimsóknir og fundir.....	44
Málþing og ráðstefnur.....	47

STARFSEMI EMBÆTTISINS

HLUTVERK UMBOÐSMANNS BARNNA

Í lögum um umboðsmann barna nr. 83/1994 er umboðsmanni barna falið það mikilvæga hlutverk að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Umboðsmaður barna skal vinna að því að tekið sé fullt tillit til barna á öllum sviðum samfélagsins, jafnt hjá opinberum aðilum sem og einkaaðilum, og bregðast við ef brotið er á réttindum þeirra. Umboðsmaður barna á að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu um málefni barna. Þá er embættinu ætlað að koma með ábendingar og tillögur um það sem betur má fara í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem varða málefni barna. Einnig felst í hlutverki umboðsmanns að kynna almenningi þá löggjöf sem varðar börn sérstaklega.

Umboðsmanni barna er ekki ætlað að taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga. Honum er þó skylt að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál og benda á hvaða leiðir eru færar innan stjórnsýslunnar og hjá dómstólum.

STARFSFÓLK UMBOÐSMANNS BARNNA

Margrét María Sigurðardóttir hefur gegnt starfi umboðsmanns barna frá 1. júlí 2007. Auk hennar starfa við embættið þrír starfsmenn, þau Auður Kristín Árnadóttir, Eðvald Einar Stefánsson og Elísabet Gísladóttir. Einnig starfaði Bára Sigurjónsdóttir að hluta til hjá embættinu. Þá voru tveir háskólanemar í

Getur umboðsmaður barna aðstoðað foreldra við að taka fíkniefnapróf hjá barni?



starfsnámi hjá umboðsmanni barna á árinu, annars vegar nemi í uppeldis- og menntunarfræði og hins vegar laganemi frá Háskólanum í Reykjavík.

Á árinu fékk umboðsmaður barna einnig til sín nokkur börn í starfsnámi á skrifstofu embættisins. Tveir nemar úr grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu komu í tveggja daga starfsnámi í upphafi árs. Verkefni þeirra voru m.a. að aðstoða við opið hús hjá embættinu, taka þátt í fundi ráðgjafarhóps umboðsmanns barna og fara með umboðsmanni í heimsókn í grunnskóla og aðstoða við kynningu á embættinu og réttindum barna. Auk þess tóku þeir þátt í umræðum um dagleg störf embættisins. Einnig fékk umboðsmaður barna heimsókn frá tveimur bandarískum börnum sem tóku þátt í starfi embættisins og sátu m.a. fund með ráðgjafarhóp umboðsmanns. Umboðsmaður barna þakkar þeim börnum sem komu í starfsnámi til embættisins sérstaklega fyrir skemmtileg kynni og þá fræðslu sem þau veittu um áhugamál sín og menningu.

Vantar börn til þess að leika og syngja í barnasýningu. Getur umboðsmaður barna bent á börn til að taka þátt í henni?

Hver eru framfærsluviðmið með barni?



ERINDI

Dagleg störf á skrifstofu umboðsmanns barna mótast mikið af þeim erindum sem embættinu berast. Erindin eru af margvíslegum toga og eru það ýmist einstaklingar, stofnanir, félagasamtök eða fjölmiðlar sem leita til umboðsmanns barna og óska eftir upplýsingum eða ráðgjöf varðandi málefni barna. Einnig berast þó nokkur erindi frá nemendum í grunn-, framhalds- og háskólum þar sem leitað er svara við ýmsu sem snertir réttindi barna og Barna-

Móðir: Erú einhver lög eða reglur sem segja til um hvort það megi skilja 16 ára barn eitt eftir heima í nokkra daga á meðan foreldri fer til útlanda?

sáttmálann. Málaflokkarnir eru margir og fjölbreytilegir enda koma hagsmunir barna við sögu á flestum sviðum samfélagsins. Ákveðnir málaflokkar eru þó meira áberandi en aðrir og ber

þar helst að nefna forsjár- og umgengnismál, meðlagsmál, skólamál, barnaverndarmál og heilbrigðismál.

Eins og áður hefur verið minnst á er umboðsmanni barna ekki ætlað að taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga eða mál einstaklinga sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum eða dómstólum. Fjöldi erinda sem embættinu berast varða þó slík mál. Umboðsmaður barna kappkostar að veita þeim einstaklingum sem leita til hans greinargóðar upplýsingar, leiðbeiningar og ráð eins og unnt er hverju sinni.

Á árinu 2013 bárust alls 1165 erindi til umboðsmanns barna, þar af 779 munnleg erindi og 386 skrifleg. Með munnlegum erindum er átt við öll símtöl sem berast embættinu og viðtöl við einstaklinga sem eiga sér stað á skrifstofu þess. Með skriflegum erindum er átt við allar fyrirspurnir og erindi sem varða ákveðið barn eða hóp barna. Þar að auki berast umboðsmanni barna reglulega ýmiss konar ábendingar, upplýsingar og boð á viðburði. Nokkur fækkun varð á skriflegum erindum árið 2013 en þá fækkun má að miklu leyti skýra með breyttri skráningar- aðferð þar sem mörg erindi sem varða sama mál er nú skráð sem eitt mál en voru áður skráð hvert fyrir sig.

SAMSKIPTI VIÐ BÖRN

Frá því að embætti umboðsmanns barna var stofnað hefur verið lögð rík áhersla á að ná til barna og unginga til þess að fræða þau og ræða um réttindi þeirra. Einnig vill umboðsmaður barna heyra skoðanir barna og sjónarmið og fá ábendingar um það sem betur mætti fara. Mikilvægt er fyrir embætti, sem vinnur í þágu barna, að aðgengi fyrir börn sé tryggt og að þau geti á einfaldan hátt leitað til umboðsmanns barna með erindi og fengið upplýsingar um réttindi sín. Er því ávallt reynt eftir fremsta megni að svara þeim börnum sem leita til embættisins eins fljótt og hægt

Móðir:

„Ég er foreldri 9 ára stúlku, hve lengi er í lagi að hún sé ein heima á daginn? Hún kemur núna heim úr skólanum kl. 1 og er ein heima til 6 tvisvar í viku og ég hef heyrt að fólk finnst hún of mikið ein.“

15 ára stúlka:
„Er möguleiki á því að ég geti óskað eftir því að mamma mín verði svipt forræðinu?“

12 ára stúlka:
„Mér líður alveg hræðilega. Mér finnst eins og ég sé bara fyrir öllum og allir hati mig. Ég á enga vini í skólanum, er lögð í einelti og líður alveg hræðilega. Hjálp!“

Er löglegt að beita svokölluðum unglingsfélum á Íslandi, þ.e. tæki sem framkalla hátíðnihljóð sem einungis unglingar heyra?

16 ára stúlka segir frá áhyggjum sínum af vinkonu sem er í eiturfjum og systur sem hefur verið lögð í einelti. Hún vill gera eitthvað til að hjálpa krökkum á hennar aldri til að forðast fíkniefni og fræða krakka um einelti, forvarnir, ADHD, einhverfu og þess háttar.

Hvað er kjörbarn?
Er það sama og stjúp barn?

er. Börn sem leita til embættisins geta rætt við umboðsmann barna eða aðra starfsmenn embættisins í fullum trúnaði. Starfsmenn embættisins eru þó bundnir af reglum barnaverndarlaga nr. 80/2002 um tilkynningaskyldu með sama hætti og aðrir þjóðfélagsþegnar.

Flest erindi frá börnum berast í gegnum Netið, ýmist með tölvupósti á netfang embættisins, ub@barn.is, eða í gegnum heimasíðuna, undir liðnum spurt og svarað.

Þegar erindi berst eftir síðari leiðinni getur viðkomandi barn ráðið því hvort svar við því birtist á heimasíðunni www.barn.is eða hvort það fái sent persónulegt svar á netfang sitt. Ekki er gerð krafa um að börn gefi upp nafn eða aðrar persónulegar upplýsingar.

Ýmis svör við spurningum sem borist hafa frá börnum og unglungum er hægt að lesa á barna- og unglingsíðu embættisins. Þó svo að fyrrgreindar leiðir séu algengastar þegar börn leita til umboðsmanns barna hefur það færst í aukana að bæði börn og fullorðnir komi á skrifstofu umboðsmanns og óski eftir upplýsingum og aðstoð og gæti skýringin verið sú að umboðsmaður hefur flutt skrifstofuna sína. Umboðsmaður barna hefur leitast við að vera með húsnaði sem hentar börnum auk þess sem skrifstofan er nú vel merkt og í umhverfi þar sem börn venja komur sínar.

Umboðsmaður barna leitast einnig við að eiga samskipti við börn með öðrum hætti, t.d. með því að fara í heimsóknir og halda kynningar fyrir skóla, frístundaheimili og ungmennaráð. Á árinu 2013 hitti umboðsmaður og starfsfólk hans hátt í 2000 börn á öllum aldri og ræddi við þau um réttindi og hagsmunamál þeirra. Umboðsmaður barna er einnig með sérstakan ráðgjafarhóp sem hann hittir einu sinni í mánuði en þar eiga sæti unglingar á aldrinum 13 til 18 ára. Nánar er fjallað um ráðgjafarhópinn síðar.

Í ljósi þess að á hverju ári fjölgar þeim börnum sem umboðsmaður barna ræðir við ákvað umboðsmaður ásamt starfsfólki sínu að afla sér aukinnar fræðslu um það hvernig sé best að tala við börn. Umboðsmaður leitaði ráðgjafar hjá sérfræðingi Barnahúss sem fræddi starfsfólk embættisins um hvernig best væri að ræða við börn, hvað skyldi gera og hvað ekki.

11 ára stúlka spyr um ráðleggingar hvað hún eigi að gera þar sem margt hafi breyst í skólanum og að hún hafi misst vini sína og langi í þá aftur.

HEIMASÍÐA UMBOÐSMANNS BARNNA

Heimasíðu embættisins, www.barn.is¹, er ætlað að vera almennur gagnagrunnur um réttindi og ábyrgð barna og hvaðeina sem varðar hagsmuni þeirra. Heimasíðan skiptist í tvo hluta, þ.e. aðalsíðu og barna- og unglingsíðu.

Á aðalsíðunni má finna upplýsingar um starfsemi embættisins. Þar eru einnig margvíslegar upplýsingar um réttindi barna, þau lög og reglur sem gilda um hina ýmsu mála-flokka og upplýsingar um stofnanir og samtök sem koma að málefnum barna.

15 ára drengur segir frá því að verslun meini unglungum aðgang ef þeir eru tveir eða fleiri.

Barna- og unglingsíðunni er ætlað að veita börnum og unglungum upplýsingar og ráðgjöf um réttindi sín á einfaldan og aðgengilegan hátt. Á síðunni er auk þess að finna upplýsingar um mismunandi málaflökka og leiðbeiningar um hvert sé hægt að leita til að fá frekari aðstoð. Heimasíðan er jafnframt vettvangur fyrir börn og unglunga til þess að koma skoðunum sínum á framfæri en þar geta þau sent inn ábendingar eða fyrirspurnir til umboðsmanns barna eins og áður segir.

Á árinu 2013 fór fram vinna hjá starfsfólki embættisins við gerð nýrrar heimasíðu. Sú vinna var enn í fullum gangi við lok ársins 2013 og verður ný heimasíða tekin í notkun í byrjun árs 2014.

VERKEFNI UMBOÐSMANNS BARNNA

Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994 kveða á um lögbundin verkefni embættisins. Hins vegar ræðst starfsemi að nokkru leyti af þeim erindum sem berast embættinu eins og þegar hefur verið tekið fram. Einnig getur umboðsmaður tekið mál til skoðunar að eigin frumkvæði og komið með tillögur til úrbóta á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda er varða börn sérstaklega. Umboðsmaður barna skal einnig stuðla að því að þjóðréttarsamningar sem Ísland er aðili að, og snerta réttindi og velferð barna, séu virtir. Á það fyrst og fremst við um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem í daglegu tali er nefndur Barna-sáttmálinn, en hann er mikilvæg stoð fyrir allt starf embættisins. Á ári hverju sinnir umboðsmaður barna fjölmörgum erindum og verkefnum sem snerta mörg

Ósk um leiðbeiningar í samskiptum við sýslumann til þess að biðja um umgengnissamning.

Eru til form fyrir umgengnis-samninga?

¹ Einnig er hægt að fara inn á heimasíðuna í gegnum www.umboðsmaðurbaranna.is.

síðu þjóðfélagsins. Ekki er hægt að gera grein fyrir öllu því sem umboðsmaður færst við með tæmandi hætti í skýrslu sem þessari. Verður því aðeins leitast við að gera grein fyrir helstu verkefnum embættisins á árinu.

Hver sér um forræðismál og hver getur veitt upplýsingar varðandi þau?

KYNNING Á EMBÆTTI UMBOÐSMANNS BARNNA

Hversu mikla þyngd mega börn bera við vinnu?

Samkvæmt c-lið 2. mgr. 3. gr. laga um umboðsmann barna nr. 83/1994 skal embættið stuðla að því að kynna fyrir almenningi löggjöf og aðrar réttarreglur er varða börn og ungmenni. Kynning á hlutverki og starfsemi embættisins, sem og fræðsla um réttindi barna á öllum sviðum, er því veigamikill þáttur í starfi umboðsmanns ár hvert. Auk þess er reglulega óskað eftir því að umboðsmaður barna haldi erindi á málþingum eða ráðstefnum um um sértækari málefni og komi í viðtöl hjá fjölmiðlum. Umboðsmaður reynir ávallt að bregðast við slíkum beiðnum. Að lokum má geta þess að í tilefni alþingiskosninga ákvað umboðsmaður að boða fulltrúa allra stjórn málaflökka á skrifstofu sína til að ræða málefni sem snerta börn og kynna embættið. Það voru aðeins fulltrúar frá þremur stjórn málaflökum, Dögun, Framsóknarflokknum og Húmanistaflokknum, sem sáu sér fært að mæta og átti umboðsmaður góðan fund með þeim.

Hver er réttur foreldra til að vita um og fá tækifæri til að hafna allri birtingu á myndum?

Hér á eftir er þeir taldir upp sem umboðsmaður barna hélt kynningu fyrir á árinu:

Grunnskólar:

- Garðaskóli
- Háaleitisskóli
- Valhúsaskóli.
- Hagaskóli
- Vesturbæjarskóli
- Hvolsskóli

Hver sér um forræðismál og hver getur veitt upplýsingar varðandi þau?



Háskólar:

- Nemendur í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands
- Nemendur í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands
- Nemendur í lagadeild Háskóla Íslands
- Nemendur í lagadeild Háskólans í Reykjavík

Félagsmiðstöðvar, ungmennaráð og aðrir:

- Nemar í skólaliðafræðum hjá Mími
- Faghópur leikskólasérkennara.
- Samtökin Móðurmál: Félag tvítyngdra barna
- Blindrafélagið
- Starfsfólk á leikskólanum Hofi



ORÐ OG EFNDIR

Þann 31. desember 2013 birtist grein eftir umboðsmann barna í Fréttablaðinu og á www.visir.is.

Á undanförunum árum hefur Ísland tekið miklum breytingum og óvissa hefur ríkt um það hvert við stefnum. Á þessum óvissutímum þurfum við að standa sérstakan vörð um hagsmuni barna, ekki síst vegna þess hversu takmörkuð áhrif þau geta haft í stjórnálalegu tilliti. Sérstaða barna endurspeglast meðal annars í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár Íslands en þar kemur fram að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

Þetta ákvæði leggur ákveðnar skyldur á Alþingi og felur jafnframt í sér þá grundvallarstefnuýfirlýsingu að stjórnvöldum beri að veita börnum sérstaka vernd, umfram aðra þjóðfélagshópa.

Enn fremur hefur íslenska ríkið skuldbundið sig til þess að virða og uppfylla ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var lögfestur einróma af Alþingi 20. febrúar síðastliðinn. Í Barnasáttmálanum kemur meðal annars fram að hagsmunir barna eigi ávallt að hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem hafa áhrif á börn með einum eða öðrum hætti. Í því felst meðal annars að ef hagsmunir barna og annarra þjóðfélagshópa vegast á eigi hagsmunir barna að hafa forgang. Þetta sjónarmið ætti til dæmis að hafa mikla þýðingu þegar teknar eru ákvarðanir um ráðstöfum opinbers fjármagns.

Að mati umboðsmanns barna hefur íslenska ríkið ekki staðið nægilega vel við skuldbindingar sínar gagnvart börnum og skort hefur á að hagsmunir barna hafi raunverulega haft forgang við ákvarðanatöku ríkisins undanfarin ár. Sem dæmi um það má nefna þann mikla niðurskurð og skerðingu á þjónustu sem hefur bitnað á börnum. Oft er þessi niðurskurður falinn, til dæmis þannig að stofnanir sem hafa veitt börnum þjónustu breyta vinnureglum sínum þannig að fleiri og fleiri börn eigi ekki rétt á þjónustu. Niðurstaðan er sú að hópur barna

sem þurfa aðstoð, til dæmis vegna fötlunar eða annarra sérþarfa, fær ekki þá þjónustu sem hann þarf.

ÓÁSÆTTANLEGT

Umboðsmaður barna hefur verulegar áhyggjur af þeirri óvissu og óstöðugleika sem ríkt hefur um þjónustu og úrræði fyrir börn að undanförunu. Umboðsmaður hefur ítrekað fagnað ákvörðunum um bættu þjónustu við börn sem hefur svo aldrei komið til framkvæmda eða aðeins að takmörkuðu leyti. Sem dæmi má nefna að stjórnvöld lýstu því yfir að byggja ætti upp nýtt úrræði fyrir börn sem ættu við alvarlegan vímuefnavanda að stríða eða hafa sýnt af sér afbrotahæðun en nú hefur velferðarráðuneytið staðfest að það standi ekki til vegna skorts á fjármagni.

Í sumum tilvikum hafa lög jafnvel verið samþykkt en þau svo dregin til baka áður en þau taka gildi. Dæmi um það eru lög um lengingu fæðingarorlofs og lög um úrræði fyrir börn sem geta ekki búið heima hjá sér vegna vanrækslu. Umboðsmaður barna telur það óásættanlegt þegar Alþingi og stjórnvöld standa ekki við þær skuldbindingar sem búið er að samþykkja, sérstaklega þegar um er að ræða úrræði í þágu barna. Við þurfum að geta treyst því að þær ákvarðanir sem eru teknar muni standa þannig að óvissa ríki ekki um málefni barna.

Umboðsmaður barna hefur ítrekað komið framangreindum áhyggjum sínum á framfæri við þingmenn og stjórnvöld. Hann mun halda því áfram og vonar að ráðamenn fari að lögum og hafi hagsmuni barna að leiðarljósi. Þegar metið er hvað er börnum fyrir bestu er sérstaklega brýnt að þau fái tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri enda eiga börn rétt á að tjá sig um öll mál sem þau varða samkvæmt Barnasáttmálanum.

Setjum hagsmuni barna í forgang eins og okkur ber skylda til að gera.



BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Barnasáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989 og er hann eini alþjóðlegi samningurinn sem fjallar sérstaklega um börn. Hann felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu hópur sem hafi sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáraðilum, og að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram hina fullorðnu.

Hvaða þýðingu hefur fyrirvarinn við 37. gr. Barnasáttmálans?

Barnasáttmálinn er útbreiddasti mannréttindasamningur heims en hann hefur verið fullgiltur af öllum ríkjum heims utan þriggja. Sáttmálinn var undirritaður fyrir Íslands hönd árið 1990 og fullgiltur í nóvember árið 1992.

Þann 20. febrúar 2013 var Barnasáttmálinn síðan lögfestur á Alþingi en með því var stigið stórt skref í því að stuðla að því að réttindi barna á Íslandi yrðu tryggð. Umboðsmaður barna fagnaði þessum gleðitiðindum enda hefur lögfesting Barnasáttmálans verið mikið baráttumál embættisins á undanförunum árum. Umboðsmaður barna vonar að lögfesting Barnasáttmálans verði til þess að réttindi og hagsmunir barna á Íslandi verði betur tryggðir.

Þó að Barnasáttmálinn hafi verið fullgiltur hér á landi árið 1992 og íslenska ríkið hafi verið skuldbundið að þjóðarétti til að uppfylla ákvæði sáttmálans

hefur sjaldan verið vitnað í ákvæði hans við úrlausn mála hjá stjórnvöldum og dómstólum. Hingað til hefur Barnasáttmálinn því ekki haft bein réttaráhrif hér á landi og dæmi eru um að dómar hafi beinlínis verið í andstöðu við ákvæði hans. Umboðsmaður barna vonar að lögfesting Barnasáttmálans muni verða til þess að honum verði í auknum mæli beitt í framkvæmd og réttindum barna þannig gefið aukið vægi.

Hvar er hægt að nálgast upplýsingar um umboðsmann barna á heimasíðu?

„Er brotið gegn réttindum barna ef þau fá ekki móðurmálskennslu?“

Umboðsmaður barna vonar enn fremur að lögfesting Barnasáttmálans muni fela í sér kynningu á sáttmálanum og verða til þess að börn og fullorðnir þekki betur þau réttindi sem hann hefur að geyma. Er þetta ekki síst mikilvægt í ljósi þess að nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins hefur gert athugasemdir við fræðslu og kynningu á sáttmálanum hér á landi. Góð þekking á Barnasáttmálanum eykur líkurnar á því að réttindi barna séu virt og að brugðist sé fyrr við þegar brotið er á þeim.

Þó að Barnasáttmálinn sé nú hluti af landslögum telur umboðsmaður barna mikilvægt að vinna áfram að því að hann verði að fullu innleiddur



„Hver er réttur barna til friðhelgi einkalífs? Og mega foreldrar skoða sms-skilaboð barna sinna?“

í íslenskt samfélag. Með því er átt við að sáttmálanum sé í raun beitt í framkvæmd þannig að hann hafi áhrif á daglegt líf barna og sé hafður að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku sem varðar þau. Ein af forsendunum fyrir

því að þetta geti orðið að veruleika er fræðsla til þeirra sem vinna með börnum á einn eða annan hátt. Í þessu sambandi má benda á að ein af helstu athugasemdum sem nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins gerði árið 2011 þegar skýrsla

Hvaða réttindi hefur barn til að leita uppruna síns?



„Hafa börn af erlendum uppruna rétt á að fá móðurmálskennslu í sínu erfðamáli/heimamáli?“

islenska ríkisins var tekin fyrir er innleiðing sáttmálans í íslenskt samfélag. Barnaréttarnefndin hefur gagnrýnt að stjórnvöld hafi ekki gert landsáætlun fyrir innleiðingu Barnasáttmálans en nefndin benti á að í slíkri áætlun þurfi að tilgreina ábyrgð ólíkra stofnana og sveitarfélaga í framkvæmd sáttmálans á Íslandi. Slíkri áætlun er ætlað að vera verkfæri fyrir öll stig stjórnsýslunnar þannig að í öllu starfi með börnum og við ákvarðanatöku sem varðar þau sé miðað við þær forsendur sem sáttmálinn gengur út frá og Ísland hefur

gengið að með fullgildingun hans. Bæði lögfesting og innleiðing Barnasáttmálans eru mikilvæg skref í að stuðla að því að réttindi barna séu tryggð og staða þeirra í íslensku samfélagi verði betri. Umboðsmaður barna stefnir á að vinna áfram að innleiðingu Barnasáttmálans á árinu 2014.

Hvaða ráðstafanir þarf að gera til að uppfylla skyldur Barnasáttmálans?



FJÖLSKYLDUMÁLEFNI

Móðir biður um ráðleggingar um ákjósanlegan umgengnistíma milli barns og föður.

Á hverju ári berast umboðsmanni barna fjölmörg erindi sem varða fjölskylduna á einhvern hátt. Raunar eru þau erindi sem snúa að forsjá, umgengni og lögheimili langstærsti málaflokkur embættisins.

Þær spurningar sem lúta að þessum mála-flokki eru margvíslegar, t.d. biðja einstaklingar oft um upplýsingar um hvernig bregðast skuli við ákveðnum aðstæðum eða hvaða réttarreglur gildi í ákveðnum mál-um. Erindi vegna umgengni eru áberandi og eru foreldrar þá oft að velta fyrir sér fyrirkomulagi umgengni, skiptingu umgengni, hvernig eigi að bregðast við ef barn vilji ekki umgangast annað foreldri, umgengni milli landa og umgengni við aðra úr stórfjölskyldu barns svo dæmi séu nefnd. Í þessum kafla má sjá brot af þeim erindum sem bárust embættinu á árinu 2013.

Faðir spyr hvort dómsmál sé eina leiðin til þess að breyta lögheimili barnsins síns.

STAÐA BREYTINGA Á BARNALÖGUM NR. 76/2003

Á árinu 2013 reyndi umboðsmaður barna að fylgjast með framkvæmd breytinga á barnalögum nr. 76/2003 og fundaði meðal annars með sýslumanninum í Reykjavík í byrjun árs. Með lögum nr. 61/2012 um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum (for-sjá og umgengni), voru gerðar ýmsar breytingar sem geta haft mikil áhrif á líf barna. Einnig voru gerðar veigamiklar breytingar á hlutverki og verkefnum sýslu-manna. Umboðsmaður barna gerir sér grein fyrir því að verkefni sýslumannsembætta, að innleiða þær nýj-ungar sem lögin kveða á um, er hvorki einfalt né auð-leyst. Í ljósi þess hversu mikilvægt er að umrædd- ar breytingar komi til framkvæmda og eftir atvikum nái tilgangi sínum taldi umboðsmaður mikilvægt að fylgjast með framgangi þeirra og sendi því bréf til allra sýslumannsembætta á landinu þann 3. september 2013 og óskaði svara við eftirfarandi spurningum:

1. Hvernig hefur embættið brugðist við þeim breyt- ingum sem felast í lögum nr. 61/2012 sem tóku gildi 1. janúar sl.?
2. Hefur nægilegt fjármagn verið tryggt til þess að fram- kvæma umræddar breytingar að mati embættisins?

Getur umgengnisforeldri krafist þess af lögheimilisforeldri að það sjái til þess að barn hafi aukaföt í umgengni?

3. Hefur embættið ráðið til sín sérfræðinga í málefnum barna í tengslum við umræddar breyt- ingar? Ef já, hversu marga? Ef nei,

hvernig eru verkefni sérfræðinga leyst hjá embættinu?

4. Hafa umræddar breytingar haft áhrif á málshraða? Ef já, telur embættið að slíkar breytingar séu varanlegar eða tíma- bundnar? Ef nei, sér embættið fram á að slík áhrif muni koma fram þegar aukin reynsla er komin á framkvæmd laganna?
5. Hefur skyldan til sáttameðferðar leitt til þess að fleiri foreldrar ná sáttum? Telur embættið að reynslan af slíkri meðferð hafi verið jákvæð eða neikvæð?
6. Hefur verið boðið upp á nægilega fræðslu til starfs- fólks um það hvað felast í umræddum breytingum?
7. Hvernig er tryggt að tekið sé tillit til sjónarmiða barns þegar breytingar eru gerðar á umgengni, forsjá eða búsetu? Hefur embættið sett sér einhver viðmið í þessum efnum?

Að lokum óskaði umboðsmaður barna eftir öðrum upp- lýsingum sem máli kunna að skipta í tengslum við fram- kvæmd ákvæða barnalaga nr. 76/2003 um forsjá, um- gengni og búsetu.

Heildarfjöldi sýslumannsembætta á landinu er 25. Skrif- leg svör bárust frá 14 embættum og munnlegt frá einu embætti. Í lok árs 2013 hafði ekkert svar borist frá 11 embættum.

16 ára barn hefur búið hjá föður í tvö ár en lögheimili þess er hjá móður. Hvernig er hægt að breyta lögheimilinu?

Samkvæmt svörunum virtist það koma einhverjum sýslumannsem- bættum töluvert á óvart að breyt- ingarlögin skyldu taka gildi 1. janúar 2013 en til stóð að fresta gildistöku þeirra. Voru embættin því ekki tilbúin til að taka við þeim verkefnum sem lögin kveða á um og komu þau því að mörgu leyti ekki til fram- kvæmda fyrr en nokkrum mánuðum eftir gildistöku laganna. Þau sýslumannsembætti sem svörðu bréfinu áttu það sameiginlegt að hafa hlotið einhverja fræðslu um þær breytingar sem lögin kveða á um. Þá virðast mörg embætti hafa lagt töluvert mikla vinnu í að innleiða breytingarnar og var sú vinna enn í gangi við árslok. Af svörunum má þó sjá vísbendingu um að erfiðara sé að koma lögum að fullu til framkvæmda hjá minni sýslu- mannsembættum.

Meðal þeirra nýmæla sem komu inn í barnalögin með lögum nr. 61/2012 er að foreldrum er nú skylt að gangast undir sáttameðferð í málum sem varða forsjá, lögheimili, umgengni, dagsektir eða aðför, sbr. 33. gr. a. barnalaga.

Faðir spyr hver beri ábyrgð á tjóni sem barn veldur í umgengni hjá sér.

Hver er réttur ömmu og afa til að umgangast barnabörnin sín?

Öll þau sýslumannsembætti sem svöruðu bréfi umboðsmanns höfðu sótt fræðslu um sáttameðferð. Sýslumaðurinn í Reykjavík hefur tekið að sér að leiðbeina öðrum embættum um framkvæmdina og sér auk þess um sáttameðferð hjá nokkrum embættum. Önnur embætti hafa auk þess gripið til ýmissa ráðstafana til þess að stuðla að faglegri sáttameðferð. Sem dæmi má nefna að eitt embætti hefur látið útbúa sérstakt herbergi fyrir sáttameðferð þar sem til staðar er fjarfundabúnaður fyrir þá sem eiga erfitt með að koma á staðinn. Þá eru dæmi um að embætti vinni saman, ýmist þannig að þau samnýti sérfræðinga eða fái starfsmenn lánaða frá öðrum embættum til að sinna sáttameðferð, í þeim tilgangi að tryggja hlutleysi. Reynslan af sáttameðferð samkvæmt nýju lögnum virðist almennt jákvæð þó ef til vill sé of snemmt að segja til um hvort hún hafi borið tilætlaðan árangur.

Eitt helsta markmiðið með umræddum breytingum var að gera vinnu sýslumannsembættanna þverfaglegri. Í þeim tilgangi er gert ráð fyrir því í lögnum að sýslumenn geti leitað liðsinnis sérfræðings í málefnum barna. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpi til laganna geta sýslumenn annað-

Hver er réttur barns sem vill ekki hitta föður sinn?

Hver er dæmigerð eða lágmarksumgengni þegar annað foreldrið býr erlendis?

hvort ráðið til sín sérfræðinga eða gert samninga við utanaðkomandi sérfræðinga. Af þeim sýslumannsembættum sem svöruðu bréfinu hafði aðeins Sýslumaðurinn í Reykjavík ráðið til sín sérfræðinga eða í samtals 2,5 stöðugildi. Önnur sýslumannsembætti hafa annaðhvort gert þjónustusamninga við sérfræðinga eða leitað til einstakra utanaðkomandi aðila. Störf sérfræðinga hafa verið í lágmarki hjá einhverjum embættum en í mörgum hefur enn ekki reynt á þau störf.

Þau sýslumannsembætti sem svöruðu bréfi umboðsmanns voru ekki sammála um það hvaða áhrif umræddar breytingar hefðu haft á málshraða. Sum embætti töldu líklegt að málshraði myndi jafnvel aukast þar sem áður þurfti í einhverjum tilvikum að leita eftir álit barnaverndarnefndar sem gat tekið langan tíma. Önnur embætti töldu hins vegar að skyldan til sáttameðferðar leiddi til þess að mál tækju almennt lengri tíma. Einhver töldu það þó alls ekki neikvætt þar sem mögulegt væri að fleiri málum myndi ljúka með sátt.

Lokaspurningin í bréfi umboðsmanns varðaði það hvernig sýslumannsembættin leituðust við að tryggja að sjónarmið barna heyrðist á öllum stigum máls.

Hvað er hægt að gera þegar 7 og 9 ára börn vilja ekki fara í umgengni til föður síns?

Móðir óskar eftir upplýsingum um áhrif heimilisofbeldis á ákvarðanir um forsjá og umgengni.



Getur móðir tekið ákvörðun um lyf vegna ADHD ef forsjá er sameiginleg?

Svör embættanna voru misjöfn og bentu mörg þeirra réttilega á að það þyrfti að meta hvert tilvik fyrir sig út frá aldri og þroska barns. Það vakti hins vegar athygli umboðsmanns að einhver embætti virtust sjaldan ræða við börn og teldu sig ekki geta tryggt að tekið yrði tillit til sjónarmiða barna í málum sem væru til meðferðar. Er þetta ekki í samræmi við skyldur sýslumannsembættanna samkvæmt barnalögum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Nokkur embætti töldu líklegt að aðkoma sérfræðinga í málefnum barna myndi verða til þess að oftari yrði rætt við börn.

Ljóst er að umræddar breytingar á barnalögum munu ekki skila þeim árangri sem að var stefnt nema tryggt verði aukið fjármagn til sýslumannsembættanna. Mörg sýslumannsembætti lýstu yfir áhyggjum af því að ekki yrði tryggt það fjármagn sem nauðsynlegt væri til að lög

kæmu að fullu til framkvæmda. Sem dæmi má nefna að sum embætti nefndu að oftari myndi verða leitað til sérfræðinga í málefnum barna ef til staðar væri meira fjármagn.

Umboðsmaður barna stefnir á að senda sýslumannsembættum annað bréf í byrjun árs 2014 og upplýsa þau um niðurstöðuna. Jafnframt mun umboðsmaður barna fylgjast áfram með því hvernig gengur að koma umræddum breytingum til framkvæmda.

Drengur spyr hvort fjölskylda móður geti þvingað hann til þess að búa hjá móður sinni.

Hver á að veita samþykki sitt fyrir nauðung gagnvart börnum með fatlanir og út frá hvaða forsendum og lagaramma?



BARNAVERND

STAÐA BARNAVERNDARMÁLA

Umboðsmanni barna berast reglulega fjölmargar ábendingar frá einstaklingum og fagfólki sem varða barnavernd með einum eða öðrum hætti. Vegna þessara ábendinga hefur umboðsmaður miklar áhyggjur af stöðu barnaverndarmála á Íslandi. Í byrjun árs 2013 fékk umboðsmaður barna til umsagnar tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd til 2014. Í umsögn umboðsmanns barna fagnaði hann því að til stæði að setja framkvæmdaáætlun í barnavernd en tók þó fram að mikilvægt væri að samþykka áætlun sem næði til lengri tíma. Umboðsmaður benti á skort á fjármagni til að ná settum markmiðum áætlunarinnar, að orðalag hennar væri of almennt og óljóst auk annarra atriða. Umboðsmaður barna fór á fund velferðarnefndar og kom athugasemdum sínum á framfæri. Þá ítrekaði hann mikilvægi þess að framkvæmdaáætlun í barnavernd væri raunhæf áætlun sem fylgt væri eftir á markvissan hátt. Slík áætlun myndi vera líklegri til þess að efla barnavernd og öryggi barna.

Óskað var eftir álitum umboðsmanns barna á því hvort rétt væri að tilkynna það til barnaverndar þegar börn niður í 10 ára aldur væru að spila tölvuleikinn GTA með leyfi foreldra sinna.

Óska eftir frekari upplýsingum varðandi stöðu barnaverndarmála. Svar barst frá Barnaverndarstofu 22. febrúar 2013. Umboðsmaður barna taldi einnig þörf á að funda með velferðarráðherra og félagsmálaráðherra á árinu vegna málefnsins og til þess að varpa betur ljósi á stöðu mála.

ÁLAG OG SKORTUR Á FJÁRMAGNI HJÁ BARNAVERNDARNEFNDUM

Eitt af því sem umboðsmaður barna hefur sérstakar áhyggjur af er álag á barnaverndarnefndum og starfsfólki þeirra. Í svari Barnaverndarstofu kom fram að það væri mat stofunnar að starfslið barnaverndarnefnda væri mjög víða of fámennt miðað við mikinn málafjölda sem bitnaði á faglegum gæðum starfsins þannig að börn fengju ekki verðskuldaða þjónustu. Má til dæmis benda á að hver starfsmaður sinnir að meðaltali mun fleiri málum en gengur og gerist í þeim löndum sem Ísland ber sig saman við, t.d. í Noregi. Þó svo að tilkynningum til barnaverndarnefnda hafi fækkað lítillega hefur þeim börnum sem tilkynnt er um fjölgað og fleiri tilkynningar berast vegna yngri barna. Einnig eru ákveðnar vísbendingar um að

Faðir hefur áhyggjur af barni sínu sem er of þungt og með margar tannskemmdir. Hvað er best fyrir hann að gera?



erfiðari og flóknari málum fjölgi en fjölgun á starfsfólki er ekki í samræmi við það. Vegna þess hversu mikið álag er á barnaverndarnefndum er ljóst að þær sinna ekki öllum þeim málum sem þær þyrftu að gera. Starfsmönnum barnaverndarnefnda er því einungis mögulegt að sinna allra brýnustu málunum. Þar af leiðandi eru mörg mál sem sitja á hakanum í lengri tíma og er hætt við að þau verði mun alvarlegri en þau hefðu orðið ef brugðist hefði verið við eins fljótt og auðið var. Í þessu sambandi má að lokum benda á að bakvakt er ekki lengur haldið úti í mörgum sveitarfélögum.

Einnig er vert að geta þess að í svörum Barnaverndarstofu kemur fram að stofan telji vísbendingar vera um að barnaverndarnefndir landsins hafi ekki nægilegt fjármagn til að sinna þeim skyldum sem þeim eru ætlaðar. Markast þær vísbendingar m.a. af umkvörtunum starfsmanna varðandi álag og úrræðaleyfi. Þá er augljóst að dæmi eru um að ekki eru fyrir hendi viðeigandi úrræði og fjölbreytt þjónustutilboð fyrir börn og fjölskyldur. Þetta á ekki síst við um foreldrafærniþjálfun og sértækan stuðning við fjölskyldur með fjölpættan vanda.

Móðir er hrædd um að beita barn sitt andlegu ofbeldi. Hvert getur hún leitað?

Geta börn kært foreldra sína vegna andlegs ofbeldis?

hækkun rekstrarkostnaðar meðferðarstofnana sem ekki hefði verið leiðréttur við fjárlagagerð undanfarinna tveggja ára. Þá hefur eftirspurn eftir einstökum úrræðum, t.d. styrktu fóstri, farið langt fram úr áætlunum á síðustu árum.

Barnaverndarstofa telur að fjárveitingar séu fullnægjandi til að tryggja lágmarksframkvæmd lögbundinna verkefna en þó með fyrirvörum og fyrirséð að samdráttur verði á þjónustu til þess að mæta aðsteðjandi fjárhagsvanda. Er því ljóst að Barnaverndarstofa hefur ekki tók á að sinna öllum þeim verkefnum sem hún hefur gert og hefur hún orðið að hætta við, draga úr eða breyta úrræðum sem boðið var upp á eða voru fyrirhuguð. Það má nefna sem dæmi að það er nauðsynlegt að skerða framlög til styrkts fósturs en það úrræði nýtist börnum með verulega erfiðleika sem önnur úrræði ná e.t.v. ekki til. Auk þess hafa fleiri úrræði verið skert vegna fjárskorts. Barnaverndarstofa telur mikið svigrúm vera fyrir hendi til þess að bæta og efla barnaverndarstarf á mörgum sviðum en takmarkað fjármagn stendur í vegi fyrir því.

Móðir hefur áhyggjur af syni sínum sem reykir kannabis og glímir við ýmsa erfiðleika. Segir engin úrræði vera til staðar.

REKSTRARVANDI BARNAVERNDARSTOFU

Ein af spurningum umboðsmanns barna í bréfi til Barnaverndarstofu laut að rekstri Barnaverndarstofu. Í svörum frá Barnaverndarstofu kom í ljós að stofan byggi við rekstrarvanda sem mætti að verulegu leyti skýra með



ENN VANTAR MEÐFERÐAR- ÚRRÆÐI FYRIR BÖRN Í ALVARLEGUM VANDA

Umboðsmaður barna hefur verulegar áhyggjur af stöðu barna sem eiga við geðræn vandamál að stríða eða stefna eigin velferð í hættu, t.d. vegna vanlíðunar, hegðunarvandamála eða vímuefnaneyslu. Nauðsynlegt er að tryggja að fleiri úrræði séu í boði en svo virðist sem engin úrræði séu til fyrir börn með framangreindan vanda og mikilvægt að bregðast við eins fljótt og mögulegt er til þess að vandi barnanna verði ekki alvarlegri. Barnaverndarstofa hefur ekki fengið fjárheimildir til að byggja upp ný meðferðarúrræði fyrir börn sem glíma við alvarlegan vanda. Það er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að búið er að lögfesta Barnasáttmálann, sbr. lög nr. 19/2013. Samkvæmt c-lið 37. gr. sáttmálans er ekki heimilt að vista börn sem brjóta af sér í fangelsum með fullorðnum föngum nema það sé þeim fyrir bestu en því miður hefur það tíðkast hér á landi. Það þarf því að koma á fót meðferðarheimili þar sem börn sem hafa hlotið fangelsisdóm geta afplánað refsingu sína. Slíkt meðferðarheimili gæti einnig nýst börnum með alvarlegan hegðunar- eða vímuefnavanda.

Í september 2012 sendi umboðsmaður barna bréf til velferðarráðuneytisins þar sem umboðsmaður lýsti áhyggjum sínum af stöðu barna sem ættu við geðræn vandamál að stríða eða stefndu eigin velferð í hættu og benti á brýna nauðsyn þess að nægileg úrræði yrðu tryggð. Umboðsmaður barna óskaði eftir upplýsingum um það



hvort og þá hvernig fyrirhugað væri að bregðast við með úrræðum fyrir börn með alvarlegan hegðunar- eða vímuefnavanda. Þar sem ekkert svar hafði borist ítrekaði umboðsmaður fyrirspurn sína í júlí 2013. Þann 26. ágúst sama ár barst svar frá ráðuneytinu. Í svari ráðuneytisins er vísað til bréfs Barnaverndarstofu til umboðsmanns barna, dags. 22. febrúar 2013, þar sem er að finna ítarleg svör við fyrirspurnum umboðsmanns sem voru af sama meiddi og fyrirspurnin til ráðuneytisins. Enn fremur segir í bréfi ráðuneytisins að tillaga hafi komið frá Barnaverndarstofu um að opnað yrði nýtt meðferðarheimili á höfuðborgarsvæðinu sem sameinaði bráðavistun og meðferð vegna alvarlegrar vímuefnaneyslu og afbrotahegðunar. Hins vegar telur ráðuneytið ljóst að með hliðsjón af aðstæðum í ríkisfjármálum undanfarinna ára og um þessar mundir sé ekki mögulegt að koma slíkri stofnun á fót. Þá segir að ávallt sé unnið að því að þjónusta þá unglinga sem hafa mikla þjónustupörf vegna vímuefnavanda og afbrotahegðunar með dvöl á Stuðlum og Háholti, með MST-þjónustu inni á heimili barna og heilbrigðisþjónustu á vegum BUGL. Að lokum var tekið fram að velferðarráðherra hefði skipað nefnd í lok nóvember 2012 sem falið var að skilgreina ábyrgð hvers og eins þjónustuveitanda og hafa það að markmiði að koma á reglubundnu samstarfi ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Lögð var sérstök áhersla á hvar börnin gætu átt heima fram að 18 ára aldri og síðan eftir að þeim aldri væri náð. Skýrsla nefndarinnar tekur einungis til þeirra barna sem

eru verst stödd en eftir stendur hópur barna sem fær ekki þjónustu við hæfi. Nefndin skilaði niðurstöðum í nóvember 2013. Finna má skýrsluna á heimasíðu velferðarráðuneytisins.

Umboðsmaður barna sendi ráðuneytinu bréf þar sem hann þakkaði fyrir hreinskilin svör en lýsti um leið vonbrigðum sínum með að ekki væri stefnt að því að bjóða upp á úrræði fyrir börn með alvarlegan hegðunar- eða vímuefnavanda. Framkvæmd undanfarinna ára hefur sýnt að þau úrræði sem eru nú þegar til staðar og ráðuneytið vísar til dugi ekki. Umboðsmaður telur því íslenska ríkið brjóta skyldur sínar samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að þessu leyti. Í þessu sambandi má einnig benda á að svar ráðuneytisins gengur þvert á framkvæmdaáætlun í barnavernd sem samþykkt var á Alþingi í mars 2013 og þegar hefur verið fjallað um. Í áætluninni segir að stefnt skuli að því að vinna að því að efla þjónustu og verklag með nýrri meðferðarstofnun fyrir unglinga í alvarlegum vímuefna- og afbrotavanda. Umboðsmaður barna skorar á velferðarráðuneytið að endurskoða þá afstöðu sem fram kemur í fyrrnefndu svari. Aðstæður í ríkisfjármálum geta ekki réttlætt brot á grundvallarréttindum barna. Í því sambandi er rétt að benda á að ríkinu er skylt að veita hagsmunum barna forgang þegar teknar eru ákvarðanir um úthlutun fjármuna, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans um að það sem er barni fyrir bestu skuli hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem varða börn með einum eða öðrum hætti. Umboðs-

maður barna mun halda áfram að leggja áherslu á að börn með alvarlegan hegðunar- eða vímuefnavanda fái þá þjónustu sem þau þurfa á að halda.

KYNFERÐISBROT GEGN BÖRNUM

Á undanförunum árum hefur umræðan um kynferðisbrot gegn börnum verið hávær og málum fjölgað. Það skapar álag á barnaverndarkerfið og starfsfólk þess. Umboðsmaður barna hefur margoft bent á nauðsyn þess að styrkja starfsemi Barnahúss þannig að hægt verði að tryggja öllum börnum sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi fullnægjandi þjónustu, óháð aldri, fötlun, búsetu eða stöðu að öðru leyti. Umboðsmaður barna ræddi málefni Barnahúss á fundum með velferðarráðherra og félagsmálaráðherra og fékk þær upplýsingar að ákveðið hefði verið að veita fjármagn til stækkunar Barnahúss og efla starfsemi þess. Umboðsmaður barna fagnar því og vonar að stækkun Barnahúss geti orðið til þess að hægt verði að veita þeim börnum sem eru eða hafa verið þolendur annars konar ofbeldis sambærilega þjónustu, helst með því að auka umfang Barnahúss en annars með öðru sambærilegu úrræði. Umboðsmaður barna mun halda áfram að vekja athygli á málefnum barna sem verða fyrir ofbeldi.

NAUÐUNG GAGNVART BÖRNUM Í SÉRÚRRÆÐUM Á ÍSLANDI

Meginreglan er sú að það er óheimilt að beita börn nauðung. Einungis er heimilt að víkja frá þeirri meginreglu þegar slíkt er réttlæt看legt á grundvelli neyðarréttar, þ.e. nauðsynlegt er að grípa inn í til að vernda barnið, önnur börn eða mikil verðmæti. Umrædd meginregla er sérstaklega áréttuð varðandi fatlað fólk, þar á meðal fötluð börn, í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Í 13. gr. sömu laga kemur fram að heimilt sé að grípa til nauðungar í neyðartilvikum enda sé nauðsynlegt að grípa inn í atburðarásina til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi líkamstjón, stórfellt eignatjón eða röskun á almannahagsmunum. Gerð er sú krafa á þjónustuaðilann að hann láti tafarlaust af nauðung þegar hættu hefur verið afstýrt eða ástand er liðið hjá. Skylt er að skrá öll tilvik og senda atvikalýsingar til sérfræðiteymis. Ef sterk rök eru talin vera fyrir því að beita einhvers konar nauðung sem lið í reglulegri þjónustu við fatlað barn er samkvæmt 15. gr. laganna hægt að sækja um undanþágu frá sérstakri undanþágunefnd.

Á vormánuðum 2013 var unnin rannsókn í samstarfi við umboðsmann barna á nauðung gagnvart börnum í sérúrræðum á Íslandi. Rannsóknin var hluti af M.E.d-ritgerð Margrétar Rannveigar Halldórsdóttur í uppeldis- og menntunarfræðum við Háskóla Íslands undir handleiðslu

dr. Steinunnar Gestsdóttur dósents við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Atla F. Magnússonar atferlisfræðings við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Nauðung getur falið í sér margvíslega hegðun, t.d. að halda barni, loka það inni eða fylgja því á milli staða gegn vilja þess og er alvarlegt inngrip í líf einstaklinga. Engu að síður er stundum nauðsynlegt að beita slíkum aðferðum í vinnu með börnum til að tryggja öryggi þeirra eða annarra. Með hugtakinu sérúrræði er átt við skilgreindar skammtímavistanir fyrir börn undir 18 ára aldri og þá sérskóla sem starfandi eru á höfuðborgarsvæðinu. Í rannsókninni voru spurningalistar sendir til forstöðumanna skammtímavistana fyrir börn og kennara í sérskólum og svarhlutfallið var 62%.

Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 og reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins er nauðung gagnvart börnum bönnuð nema í neyðartilvikum. Hins vegar eru ekki til upplýsingar um hvort, hvernig og hversu oft börn í sérúrræðum hafa verið beitt nauðung.

Í rannsókn Margrétar sem náði til 347 barna á 14 daga tímabili kom í ljós að nauðung var beitt í 128 skipti á rannsóknartímabilinu. Af þeim börnum sem rannsóknin náði til voru 13,8% þeirra beitt nauðung a.m.k einu sinni og 4,3% þeirra voru beitt nauðung oftari en einu sinni. Ljóst er að nauðung í vinnu með börnum í sérúrræðum er ekki aðeins beitt í einstaka neyðartilfellum. Rannsakendur velta því fyrir sér hvort ekki sé þörf á skráningu og eftirliti með beitingu nauðungar.





Fjallað var um rannsóknina í Síðdegisútvarpinu á Rás 2 29. ágúst 2013 og rætt við Margréti Rannveigu Halldórsdóttur og Atla F. Magnússon.

BANN VIÐ UMSKURÐI DRENGJA

Þann 30. september 2013 skrifuðu umboðsmenn barna á Norðurlöndum og ýmsir heilbrigðisstarfsmenn undir yfirlýsingu gegn umskurði ungra drengja. Á Íslandi náðist mjög breið samstaða um málið og skrifuðu, auk umboðsmanns barna, Ingólfur Einarsson formaður félags barnalækna á Íslandi, Þráinn Rósmundsson yfirlæknir barnaskurðlækninga á Barnaspítala Hringins og fulltrúi Barnaskurðlæknafélags Íslands og Ragnar Bjarnason prófessor og yfirlæknir barnalækninga á Barnaspítala Hringins undir yfirlýsinguna fyrir hönd Íslands. Auk þess hafa barnahjúkrunarfræðingar og heilsugæsluhjúkrunarfræðingar lýst yfir stuðningi við hana. Í kjölfar undirritunarinnar varð nokkur fjölmíðlaumfjöllun um þessi mál.

Í yfirlýsingunni kemur fram að umboðsmenn barna og ýmsir heilbrigðisstarfsmenn á Norðurlöndum telji brýnt að vinna að því að banna umskurð á ungum drengjum. Umskurður á ungum drengjum felur í sér brot á réttindum þeirra nema slík aðgerð sé talin nauðsynleg af heilsufarslegum ástæðum. Umskurður felur í sér varanlegt inngríp í líkama barns sem getur haft í för með sér mikinn sársauka auk þess sem slíkri aðgerð fylgir hætta á sýkingum og öðrum vandamálum. Mikilvægt er að virða sjálfsákvörðunarrétt barna og banna umskurð á drengjum nema í þeim tilvikum sem drengur, sem náð hefur nægilegum aldri og þroska til að skilja hvað felst í aðgerðinni, veitir samþykki sitt.

Umskurður á ungum drengjum samræmist illa 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um rétt barna til þess að hafa áhrif á eigið líf. Auk þess telst umskurður brot gegn 3. mgr. 24. gr. sáttmálans sem tryggir börnum vernd gegn hefðum sem eru skaðlegar heilbrigði barna. Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna hefur einnig hvatt öll ríki til þess að banna aðgerðir sem stefna mannlegri reisn barna í hættu og eru ekki í samræmi við réttindi þeirra. Þó að það sé vissulega réttur

foreldra að veita barni sínu leiðsögn þegar kemur að trúarbrögðum getur slíkur réttur aldrei gengið framar rétti barnsins. Má í því sambandi benda á að samkvæmt 3. gr. Barnasáttmálans á það sem er barni fyrir bestu að hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem varða það. Á réttur barna og mannhelgi þeirra því að ganga framar rétti fullorðinna til að taka trúarlegar og menningarlegar ákvarðanir fyrir hönd barna sinna.

Að lokum voru ríkisstjórnir í öllum norrænu ríkjum hvattar til þess að stuðla að fræðslu um réttindi barna og þá áhættu sem fylgir umskurði. Enn fremur voru þær hvattar til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að drengir fengju sjálfir að ákveða hvort þeir vildu láta umskera sig þegar þeir hefðu aldur og þroska til.

Umboðsmaður barna ritaði bréf til heilbrigðisráðherra til þess að vekja athygli á málinu og koma umræddri yfirlýsingu formlega á framfæri við velferðarráðuneytið. Óskaði umboðsmaður barna eftir því að málið yrði tekið til meðferðar.



BÖRN MEÐ SÉRÞARFIR

Ábending vegna barna sem njóta þjónustu hjá þroska- og hegðunarstöð en sú þjónusta er bara í boði til 12 ára aldurs.

Árlega berast umboðsmanni erindi og ábendingar sem varða aðstæður og þjónustu við börn. Stór hluti af þeim ábendingum beinist að málefnum barna sem eru með ýmiss konar sérþarfir en fá ekki fullnægjandi þjónustu, t.d. í skólakerfinu, barnaverndarkerfinu, heilbrigðiskerfinu eða innan félagsþjónustunnar. Um er að ræða fjölbreyttan hóp barna með mismunandi þarfir, s.s. börn með ýmiss konar fatlanir, veikindi eða raskanir, s.s. þroska-, hegðunar- og geðraskanir en einnig börn sem stefna eigin velferð í hættu, t.d. með vímuefnaneyslu og afbrotum. Ástæður þess að sum þessara barna fá ekki þá þjónustu sem þau þurfa eru margar og ber þar fyrst að nefna fjárvöntun, aukið álag og breytingar á skipulagi. Dæmi eru um að stofnanir og opinberir aðilar skilgreini sig frá vandanum þannig að börn njóti ekki þeirrar þjónustu sem þau þurfa á að halda. Það virðist skorta á heildstæða stefnumótun um það hvaða hlutverki mismunandi stofnanir og opinberir aðilar gegna þegar börn glíma við fjölbættan vanda. Umboðsmaður barna hefur miklar áhyggjur af velferð þessara barna

Eru biðlistar eftir greiningu og þjónustu mannréttindabrot?

Móðir leitar eftir aðstoð vegna barns með málþroskaraskanir sem er ekki skilgreint sem fatlað og fær því ekki umönnunargreiðslur.

og ákvað því á árinu að skoða stöðu þeirra.

Málefni barna með sérþarfir var í forgangi hjá embættinu á árinu 2013. Til að afla frekari upplýsinga um málið heimsótti umboðsmaður eða fékk á fund til sín ýmsa aðila sem vinna að málefnum barna með sérþarfir og búa yfir reynslu og mikilvægum upplýsingum á þessu sviði. Umræddum fundum var skipt í þrennt eftir áherslum: barnavernd, skólamál og heilsu og líðan. Umboðsmaður barna ræddi við ýmsa aðila, þ.m.t. frá Þroska- og hegðunarstöðinni, Greiningar- og ráðgjafarstöðinni, barna- og unglingageðdeild (BUGL), Barnaverndarstofu, Kennarasambandinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Heimili og skóla, Brúarskóla, Klettaskóla og Sjónarhóli. Markmið umboðsmanns barna með samvinnu við fyrrgreinda aðila var að leitast eftir upplýsingum um það sem betur mætti fara og hvernig málefnum barna með sérþarfir væri best komið fyrir þannig að öll börn fengju þá þjónustu sem þau þyrftu.



Móðir hefur áhyggjur af því að sonur hennar fái ekki nægilegan stuðning í grunnskóla og fær ekki að taka sambærileg próf og aðrir nemendur skólans.

Á fundi umboðsmanns með starfsfólki barna- og unglingageðdeildar Landspítalans (BUGL) kom margt áhugavert fram varðandi börn með sérþarfir. Reglulega berast umboðsmanni ábendingar um að börn sem þurfa á þjónustu BUGL að halda þurfi að biða lengi eftir að fá þjónustu, í allt að 2 ár. Var það staðfest á fundinum. Slikur biðtími kemur í veg fyrir snemmtæka íhlutun sem fagfólk telur skipta miklu máli fyrir heilsu og líðan barna til lengri tíma. Ef börn fá ekki þá þjónustu sem þau þurfa á að halda eins snemma og hægt er geta þau þróað með sér mun alvarlegri vanda sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir að einhverju leyti. Á fundinum kom einnig fram að verulega skorti á heildstæða stefnumótun og að mörg börn féllu á milli stofnana og fengju enga þjónustu eða þyrftu að biða mjög lengi.

Umboðsmaður fundaði einnig með Þroska- og hegðunarstöðinni og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Í kjölfar þeirra funda sendi umboðsmaður bréf á framangreinda aðila þar sem hann leitaðist eftir að fá staðfestingu á því sem um var rætt á fundum þeirra.

Vegna þess hve langur biðtími er eftir þjónustu á barna- og unglingageðdeild Landspítalans er málum oft vísað til Þroska- og hegðunarstöðvarinnar. Hins vegar er ljóst að hana skortir fjármagn til þess að sinna öllum þeim málum sem hún myndi vilja sinna. Eins og staðan er núna sinnir hún einungis börnum með ADHD og skyldar raskanir fram að 12 ára aldri. Mörg börn eldri en


Foreldri leitar aðstoðar vegna barns síns sem á við hegðunar- og geðvandamál að stríða og ekkert úrræði er til staðar fyrir það. Ef foreldrar taka ekki við barninu lendir það á götunni að sögn barnaverndar.

12 ára fá því ekki þjónustu hjá Þroska- og hegðunarstöðinni. Þeim er vísað til barna- og unglingageðdeildarinnar en þar er einungis hægt að taka við alvarlegustu tilfellunum. Því er til staðar þjónustugat sem erfitt er að fylla upp í vegna skorts á fjármagni á báðum stöðum. Þessi börn fá því ekki þjónustu við hæfi. Afleiðingar þess geta verið margskonar og eru þetta oft börn sem þurfa á aðstoð barnaverndar að halda. Með því að veita börnum þá þjónustu sem þau þurfa vegna ADHD og skyldra raskana væri hægt að koma í veg fyrir ýmis stærri vandamál og draga úr álagi á barnaverndarnefndir.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur þrengt verulega starfsvið sitt og tekur nú ekki við ákveðnum hópi barna sem hún sinni áður. Á það t.d. við um börn á einhverfurófi sem eru ekki greindarskert (háttstandandi börn með einhverfu). Þroska- og hegðunarstöðin telur sig hafa þekkingu til að sinna þessum börnum en hefur hvorki til þess mannafla né fjármagn. Eins og staðan er núna fá þessi börn því ekki þjónustu við hæfi.

Umboðsmaður hefur verulegar áhyggjur af stöðu þessara mála og hefur hann komið því á framfæri við ýmis tækifæri, s.s. á fundi með velferðarráðherra, félagsmálaráðherra, velferðarnefnd, Alþingi o.fl. Umboðsmaður barna vinnur að skýrslu vegna úttektar á stöðu barna með sérþarfir. Hann mun halda áfram að fylgja málefnum umræddra barna eftir og vekja athygli ráðamanna á stöðunni.

Ábending vegna stúlku sem býr á fullorðinssambýli. Virðist sem hún sé á milli kerfa.



HEILBRIGÐISMÁL

TANNHEILBRIGÐI

Um nokkurt skeið var ekki í gildi samningur milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og Tannlæknafélags Íslands (TÍ) um endurgreiðslu á tannlæknaþjónustu. Endurgreiðslan var ekki í samræmi við raunkostnað þjónustunnar og fór tannheilbrigði barna á Íslandi hnignandi af þeim orsökum. Umboðsmaður barna hefur margítrek að vakið athygli á málinu og má í því sambandi benda á ársskýrslur embættisins undanfarin ár svo og í skýrslu embættisins til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna. Þann 11. apríl 2013 varð breyting til batnaðar en þá var undirritaður nýr samningur milli SÍ og TÍ um tannlæknaþjónustu fyrir börn og unglunga yngri en 18 ára. Samningurinn mun taka gildi í nokkrum áföngum og verður tannlæknaþjónusta barna innleidd í eftirfarandi áföngum:

- Þann 15. maí 2013 mun samningurinn taka til 15, 16 og 17 ára barna.
- Þann 1. september 2013 bætast við 3, 12, 13 og 14 ára börn.
- Þann 1. janúar 2014 bætast við 10 og 11 ára börn.
- Þann 1. janúar 2015 bætast við 8 og 9 ára börn.
- Þann 1. janúar 2016 bætast við 6 og 7 ára börn.
- Þann 1. janúar 2017 bætast við 4 og 5 ára börn.
- Þann 1. janúar 2018 tekur samningurinn til allra barna yngri en 18 ára.

Einnig var í samningnum gert ráð fyrir sérúrræði fyrir börn í bráðavanda sem búa við félagslega erfiðar aðstæður og tók það ákvæði þegar gildi.

Umboðsmaður barna hefði gjarnan viljað sjá samninginn í heild sinni taka gildi strax en fannst þó mjög mikilvægt að fyrst svo var ekki að börnum í erfiðum aðstæðum væri tryggður réttur til nauðsynlegrar tannheilbrigðisþjónustu.

Umboðsmaður fagnar því að loksins sé biðinni eftir samningi lokið þó að hann hefði kosið að gengið hefði verið enn lengra með því að láta samninginn taka gildi strax fyrir alla aldurshópa. Þó er mjög jákvætt að samningurinn taki einnig til barna í bráðavanda sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður þótt þau falli ekki undir aldursmörkin.

Stefnt er að því að öll börn hafi sinn eigin heimilistannlækni. Hlutverk heimilistannlæknis er meðal annars að boða börn í reglulegt eftirlit, sjá um forvarnir og aðrar

Má 17 ára stúlka fara til sálfræðings án leyfis foreldra?

nauðsynlegar tannlækningar þeirra. Tannlækna munu senda reikninga beint til Sjúkratrygginga Íslands þannig að foreldrar munu einungis greiða gjald sem ákveðið verður með reglugerð.

TANNLÆKNAÞJÓNUSTA FYRIR BÖRN Í BRÁÐAVANDA

Sem fyrr segir er í núgildandi samningi milli Sjúkratrygginga Íslands og Tryggingarstofnunar Íslands kveðið á um sérúrræði fyrir börn í bráðavanda sem búa við félagslega erfiðar aðstæður. Umboðsmanni barna hafa borist ábendingar um það hversu þröngt umræddur samningurinn virðist hafa verið túlkaður og óttast að hann nýtist ekki nægilega vel fyrir börn í félagslega erfiðum aðstæðum. Sem dæmi um slíkt má nefna tilfelli þar sem börn eru með margar skemmdir en einungis ein þeirra fellur undir skilgreiningu á bráðavanda samkvæmt vinnureglum varðandi tilvísanir og umsóknir til SÍ vegna tannlæknaþjónustu barna í bráðavanda (útg. júní 2013). Fagfólk hefur bent á að það brjóti gegn grundvallarsíðareglum læknisfræðinnar að svæfa þessi börn og gera einungis við þá tönn sem fellur undir fyrrnefnda skilgreiningu enda er þá fyrirsjáanlegt að frekari bráðavandi

Hver er réttur barna til að fá lyf ef foreldrar geta ekki greitt fyrir það?



Er læknum heimilt að láta 14 ára stúlku fá lyfseðil fyrir pillunni og er honum heimilt að hafa samband við foreldra hennar án þess að hún gefi leyfi fyrir því?

Hvað er hægt að gera þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá og móðir vill bólusetja börn en ekki faðir?

Mega skólar
bólusetja 12 ára
stúlkur fyrir HPV-
veirunni án þess að
hafa samband við
foreldra?

muni skapast í náinni framtíð. Þá er ólíklegt að foreldrar umræddra barna geti borið kostnað af umfangsmiklum tannviðgerðum sjálfir. Til þess að vekja athygli á framangreindu sendi umboðsmaður barna bréf til Sjúkratrygginga Íslands 25. nóvember 2013 og vakti þar með athygli á málinu.

Í bréfinu benti umboðsmaður barna á að mikilvægi þess að horfa heildstætt á aðstæður og þarfir barns þegar tekin er ákvörðun um greiðsluþátttöku í tannviðgerðum enda á barn rétt til besta mögulegs heilsufars og illa er farið með fjármuni að biða með viðgerðir þar til þær eru orðnar að bráðavanda. Í þessu sambandi benti umboðsmaður barna á 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, en þar segir m.a. að allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Enn fremur má benda á að börn eiga rétt á að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, sbr. 24. gr. laga nr. 19/2013.



Í bréfi umboðsmanns til Sjúkratrygginga Íslands dags. 25. nóvember óskaði hann eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

- 1) Hve margar umsóknir hafa SÍ fengið er varða börn í bráðavanda og búa við erfiðar félagslegar aðstæður og hve margar umsóknir hafa verið samþykktar?
- 2) Hver eru helstu rökinn fyrir því að umsóknum er hafnað?
- 3) Er það mat SÍ að skilgreining á réttindum og bráðavanda í vinnureglum varðandi tilvísanir og umsóknir til SÍ vegna tannlæknaþjónustu barna í bráðavanda þjóni hagsmunum barna í erfiðum félagslegum aðstæðum eins og best verður á kosið?

Að lokum óskaði umboðsmaður barna eftir öðrum upplýsingum sem máli kynnu að skipta í tengslum við framangreint. Svar barst frá Sjúkratryggingum Íslands 3. desember 2013.

Í bréfi SÍ var tekið fram að umsóknir vegna barna í bráðavanda sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður reyndust vera 17 talsins. Talið var að engum umsóknum hefði verið hafnað þó ekki væri hægt að fullyrða um það. Hins vegar hefur einstökum verkþáttum verið synjað í þremur umsóknum. Þar var um að ræða áfangaeftirlit sem synjað var í tveimur umsóknum, flúorlökkun sem synjað var í tveimur umsóknum, skorufyllu sem synjað var í einni umsókn og útdrátt laflausrar barnatannar sem var synjað í einni umsókn. Fjórtán umsóknir voru samþykktar að fullu.

Heildarfjárhæðin sem SÍ hefur samþykkt að greiða vegna þessara 17 umsókna er 1.854.709 kr. eða um 109.090 kr. að meðaltali á umsókn. Heildarfjárhæð þeirra verka sem SÍ hefur hafnað að greiða skv. ákvæðum 3. mgr. 6. gr. samnings SÍ og TFÍ um tannlækningar barna frá 11. apríl 2013 er því 41.167 kr. Umrædd börn eiga áfram rétt samkvæmt ákvæðum II. kafla reglugerðar nr. 451/2013 og gjaldskrár nr. 703/2010. Sjúkratryggingar Íslands greiða þá verkþætti sem synjað var í umsóknunum eftir þeim reglum. Þegar tekið hefur verið tillit til greiðslna SÍ samkvæmt þessum reglum er kostnaður þeirrar fjölskyldu sem hæstan ber kostnaðinn 7.931 kr. en hinna tveggja 4.442 kr. og 3.968 kr. Telur SÍ því ekki að um umtalsverðan kostnað sé að ræða. Sjúkratryggingar hafa m.ö.o. samþykkt að greiða 98% þess kostnaðar sem sótt var um skv. 6. gr. samningsins en 99,1% ef einnig er tekið tillit til greiðslna samkvæmt ákvæðum II. kafla reglugerðarinnar. Það var mat Sjúkratrygginga Íslands að vel hefði til tekist við að leysa þann vanda sem ákvæði 3. mgr. 6. gr. samningsins var ætlað að leysa.

Þar sem svar SÍ barst í lok árs er málið ennþá í vinnslu og mun umboðsmaður barna kanna hvort tilefni er til frekari aðgerða af hans hálfu.

SKÓLAMÁL

Eru til reglur um það hvernig skóli eigi að bregðast við þegar börn selja eiturlyf?

Móðir: „Eru til einhverjar reglur um það hve langt barn þarf að fara í skóla til að bæjarfélag eða sveitarfélag þurfi að niðurgreiða samgöngukostnað?“

Hvar er hægt að nálgast upplýsingar um eftirlit á leikskóla- og skólalóðum varðandi öryggi og slysavarnir?

Er nauðsynlegt að það sé starfsfólk af báðum kynjum í námsferð með unglingum og hversu margir starfsmenn þurfa að vera á hvert barn?

Móðir: „Eiga börnin mín rétt á strætómíðum frá skólanum ef þau gætu átt tvö lögheimili?“

„Hafið þið einhverjar upplýsingar um hve langt samfelld sumarfrí leikskólabarna þarf að vera?“

Nemandi í 8. bekk kvartaði yfir vöndum mat í skólanum.

VERKLAG FAGRÁÐS EINELTISMÁLA Í GRUNNSKÓLUM

Faðir lýsir einelti sem sonur hans verður fyrir og aðgerðaleysi skólastjóra. Hvert getur hann leitað?

Á árinu 2013 tók fagráð eineltismála í grunnskólum til starfa. Umboðsmaður barna fagnar því og bindur vonir við að störf ráðsins verði til þess að betur verði tekið á eineltismálum. Á árinu barst ábending vegna verklags sem ráðið viðhefur í málum sem til þess berast, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 1040/2011. Ábendingin laut að því að fagráðið byggir niðurstöður sínar almennt á gögnum sem berast frá skólum og foreldrum án þess að rætt sé beint við þolendur eða gerendur í viðkomandi málum. Af því tilefni sendi umboðsmaður barna bréf til fagráðsins þar sem hann hvatti fagráðið til þess að gefa börnum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri þegar mál þeirra væru til meðferðar hjá ráðinu. Samkvæmt 2. gr. verklagsreglna um fagráðið er hlutverk ráðsins meðal annars að „leita að fullnægjandi niðurstöðu í eineltismálum sé þess kostur“. Umboðsmaður barna telur ólíklegt að hægt sé að ná því markmiði án þess að þeim börnum sem eiga aðild að málinu sé veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Í því sambandi má benda á að samkvæmt 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013 og 1. gr. barnalaga nr. 76/2003, eiga börn rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum sem þau varða og að tekið skuli réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Umboðsmaður barna hvatti því fagráðið til þess að gefa börnum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri þegar mál þeirra eru til meðferðar hjá ráðinu.

Faðir segir frá langtímaeinelti sem barnið hans hefur orðið fyrir. Getur umboðsmaður aðstoðað hann og vísað í rétta átt?

til þess að ráðuneytið tæki málefni lengdrar viðveru í grunnskólum til skoðunar með það fyrir augum að gera frístundaheimili öruggari og þroskavænlegri í þágu þeirra barna sem þeirrar þjónustu nytu.

Í byrjun árs 2013 barst umboðsmanni svar við erindi sínu þar sem upplýst er að tekin hafi verið ákvörðun um að stofna til starfshóps sem verður falið að skoða hvort þörf er á sérstakri löggjöf um frístundaheimili fyrir nemendur á grunnskólaaldri. Í bréfinu segir:

Hvað er hægt að gera þegar skólastjórnendur láta einelti líðast?

Þessa ákvörðun tekur ráðherra m.a. í kjölfar ábendinga og áskorana undanfarin misseri um að ráðuneytið beiti sér fyrir lagasetningu um þá starfsemi sem heyrir undir 33. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. M.a. hefur verið bent á að nauðsynlegt er að hafa ákvæði í lögum um öflun upplýsinga um umfang og starfsemi frístundaheimila, setja viðmið um starfsaðstöðu og búnað frístundaheimila sem og um menntun starfsfólks frístundaheimila. Þá hefur einnig verið bent á að nauðsynlegt er að eftirliti og mati sé sinnt markvisst til að tryggja að þjónustan taki sem best mið af þörfum barna og vísað í þeim efnum til upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

Í bréfinu segir enn fremur að umboðsmanni barna verði boðið á fund starfshópsins til að setja fram sjónarmið embættis umboðsmanns barna. Í lok ársins 2013 hafði þó ekki orðið af umræddu fundarboði.

Umboðsmanni barna barst annað bréf í byrjun ársins frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem sagt var frá umræddum starfshóp og hvernig hann yrði skipaður. Óskaði ráðherra eftir fulltrúa tilnefndum af umboðsmanni barna í starfshópinn. Óskað var eftir því að umboðsmaður skipaði tvo grunnskólanemendur, hvorn af sinu kyni. Beiðni ráðuneytisins var tekin fyrir á fundi ráðgjafarhóps umboðsmanns barna og var hópurinn þakklátur fyrir að fá tækifæri til að hafa áhrif á þennan máta. Í bréfi

Unglingur verður fyrir einelti af hálfu þjálfara og hefur ekki mætt á æfingar lengi. Hvað er hægt að gera?

LENGD VIÐVERA Í SKÓLUM

Umboðsmaður barna hefur lengi haft áhyggjur af gæðum starfs, öryggi og aðbúnaði barna í lengdri viðveru í grunnskólum. Í desember árið 2012 sendi hann bréf til mennta- og menningarmálaráðherra þar sem hann hvatti



Faðir 17 ára stúlku vill ekki greiða fyrir hana menntun. Hvað er hægt að gera?

Umboðsmanns til mennta- og menningarmálaráðherra var tekið fram að kynjaskipting ráðgjafarhópsins væri ójöfn og engir karlkyns grunnskólanemar voru starfandi og virkir í honum á þeim tíma. Var því einn kvenkyns grunnskólanemandi tilnefndur sem aðalmaður og karlkyns framhaldsskólanemi sem varamaður. Umboðsmaður barna vakti þó athygli ráðherra á því hvort ekki væri betra að hafa tvö ungmenni í starfshópnum þar sem slíkur starfshópur byði upp á fullorðinsumhverfi og því líklegt að því ungmenni sem í honum væri fyndist það ógnandi án stuðnings frá öðru ungmenni. Lagði umboðsmaður barna því til að bæði ungmennin sem hann tilnefndi fengju að sitja fundi eða að annað ungmenni yrði fengið til þess, t.d. úr röðum ungmennaráðs sveitarfélaga. Ef ekki reynist unnt að verða við því óskaði umboðsmaður eftir því að starfsmaður embættisins fengi að sitja fundi starfshópsins sem áheyrnarfulltrúi ungmenninu til stuðnings. Samþykkt var að bæði ungmennin sem umboðsmaður barna tilnefndi fengju sæti í starfshópnum. Gert er ráð fyrir því að vinna starfshópsins haldi áfram árið 2014 og mun umboðsmaður fylgjast með þeirri vinnu.

Hver á að borga fyrir framhaldsskólanám?

„Er framhaldsskólum heimilt að synja nemandu sem uppfyllir öll inntökuskilyrði skólans um skólavist á þeirri forsendu að nemandinn setti ekki umræddan skóla í fyrsta val?“

Faðir hafði samband vegna ólíkra prófa í 10. bekk sem hafa áhrif á inngöngu barna í framhaldsskóla.

KAUP Á SKÓLABÓKUM

Rétturinn til menntunar eru ein mikilvægustu grundvallarréttindi barns. Þessi réttur er m.a. verndaður í 28. gr. Barnasáttmálans og íslenski löggjöf um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þá er í 28. gr. barnalaga fjallað um inntak forsjár en í forsjá felst m.a. skylda foreldra til að sjá til þess að börn þeirra njóti menntunar og starfsþjálfunar í samræmi við hæfileika þeirra og áhugamál og nái þannig að þroska hæfileika sína á þann máta sem best hentar hverju barni. Foreldrum ber einnig að framfæra börn sín til 18 ára aldurs. Í því felst að foreldrum ber að sjá þeim fyrir því sem þau þurfa til að lifa, þroskast og njóta réttinda sinna. Vegna ummæla foreldra í netmiðlum um að börn ættu sjálf að standa straum af bókakaupum vegna náms í framhaldsskóla ákvað umboðsmaður barna að bregðast við og birta frétt sem ýmsir fjölmiðlar tóku upp. Kaup á bókum og ritföngum getur verið stór biti fyrir heimilin og dæmi eru um að unglingar sem hafa verið í vinnu á sumrin taki þátt í kostnaði við bókakaup með foreldrum sínum eða sjái alfarið um að kaupa inn fyrir skólann sjálfir. Umboðsmaður barna áréttaði þó í fréttinni að það

Hvaða reglur gilda um notkun áfengismæla í framhaldsskólum?

Eiga foreldrar nemandu í framhaldsskóla sem er orðinn lögráða rétt á upplýsingum?

„Ég er námsmaður í menntaskóla hér á Íslandi og ég komst að því nú á dögunum að þið hafið látið banna uppboð á busum allstaðar á landinu. Gætuð í sagt mér hvers vegna?“

væri hlutverk og skylda foreldra að leggja út fyrir þessum innkaupum í samræmi við fyrrgreind sjónarmið laga. Sjálfsaflafé og gjafafé barna er eign þeirra sjálfra og eiga þau að ráða hvernig því er varið, helst í samráði við

foreldra. Ef foreldrar geta ómögulega lagt út fyrir bókum og ritföngum ættu þeir að hafa samband við félagsþjónustu sveitarfélaganna eða hjálparstofnanir og óska eftir aðstoð.



HVENÆR RÁÐA BÖRN SJÁLF?

16 ára stúlka:
„Ég er 16 ára stelpa og er að hitta strák en foreldrar mínir banna mér að eiga kærasta. Getu þau gert það?“

Reglulega berast umboðsmanni barna erindi frá börnum og full-orðnum sem lúta að því hvenær börn megi sjálf ráða sínum málefnum eða hvenær þau þurfi að fara eftir ákvörðun foreldra. Í mörgum tilvikum er að finna lagaákvæði

sem kveða á um það hvort börn ráði sjálf sínum málefnum, hvenær foreldrar ráði og hvenær börn og foreldrar verði að standa saman. Þegar lög skera ekki úr um það hvort barn eigi að hafa áhrif á ákvörðun sem það varðar eða hversu mikil áhrif það eigi að hafa þarf að meta það út frá aðstæðum, réttindum, þroska og reynslu barns hverju sinni. Í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans og ákvæði barnalaga er almenna reglan sú að öll börn, sem myndað geta sér sínar

eigin skoðanir, eiga rétt á því

að tjá sig um ákvarðanir sem varða líf þeirra með einum eða öðrum hætti og að tekið sé tillit til þeirra. Þessi réttur nær þannig bæði til persónulegra og samfélagslegra málefna sem snerta börn. Skoðanir barns fá aukið vægi eftir því sem það eldist og þroskast. Má því segja

15 ára stúlka:
„Mig langaði að vita hvort að ég gæti fengið að vera sjálfráða og fjárráða fyrir.“

að börn eigi rétt á því að hafa aukin áhrif á ákvörðun eftir því sem þau eldast og þegar þau nálgast 18 ára aldur eiga þau rétt á því að ráða að mestu leyti sjálf yfir eigin lífi og líkama.

14 ára stúlka
gistir oft hjá kærasta með leyfi móður. Er það leyfilegt?

Móðir hefur samband vegna 16 ára sonar síns sem er kominn með tvö húðflúr og fékk leyfi til þess hjá föður. Hvað getur hún gert til að koma í veg fyrir slíkt?

Þar sem fjölmörg erindi sem berast umboðsmanni snúast að framangreindu málefni ákvað umboðsmaður barna að taka saman hvaða lög, reglur og almenn sjónarmið eiga við þegar metið er hvenær börn geta tekið ákvarðanir sjálf og hvenær þau þurfa samþykki foreldra sinna.

Þess ber þó að geta að ekki er hægt að gefa endanleg svör í slíkri samantekt enda þarf oft að meta rétt barna til með- og sjálfsákvörðunar með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni, s.s. aldri, þroska, umhverfi og þörf á vernd. Umboðsmaður barna hefur sent samantektina til umsagnar til náninna samstarfs-

aðila og biður svara frá þeim. Umboðsmaður barna stefnir að því að ljúka vinnu við samantektina á árinu 2014 og verður hún þá send til nánari kynningar.

16 ára stúlka
spyr hvort börn eigi ekki rétt á friðhelgi einkalífs. Mamma hennar vill alltaf skoða SMS-in hennar og ráða yfir peningunum sem hún á.

Hvenær mega börn ráða sjálf, t.d. hvenær þau eru fjárlægð af heimili foreldra af barnavernd?



ÞÁTTAKA BARNNA

Umboðsmaður barna hefur alltaf lagt mikla áherslu á 12. gr. Barnasáttmálans sem fjallar um rétt barna til að tjá sig og að tekið sé tillit til skoðana þeirra. Umboðsmaður barna lítur svo á að börn séu sérfræðingar í því að vera börn og er því mikilvægt fyrir embættið að leita eftir röddum barna. Á síðastliðnum árum hefur börnum verið veittur ríkari réttur til þess að láta skoðanir sínar í ljós og að tillit sé tekið til þess sem þau hafa fram að færa. Umboðsmaður leggur sig því ávallt fram við að hitta börn og ræða við þau til þess að gefa þeim tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.

RÁÐGJAFARHÓPUR UMBOÐSMANNS BARNNA

Hjá umboðsmanni barna er starfandi ráðgjafarhópur ungmenna á aldrinum 13-18 ára en hópurinn er ráðgefandi aðili fyrir embættið um málefni er snerta börn og ungmenni. Þannig geta börn og ungmenni látið skoðanir sínar í ljós og haft áhrif á störf umboðsmanns barna. Öllum sem eru á áðurnefndum aldri og vilja hafa áhrif á samfélagið er velkomið að sækja um inntöku í hópin. Ráðgjafarhópurinn hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og ræðir ýmis málefni og aðstoðar umboðsmann barna við að móta starf embættisins. Um 17 ungmenni tóku þátt í starfi ráðgjafarhóps umboðsmanns barna árið 2013 og voru níu fundir haldnir á árinu. Ráðgjafarhópurinn fékk ýmsa gesti á fundi sína, svo sem mennta- og menningarmálaráðherra, innlenda og erlenda starfsnema og þingmenn. Auk þess á ráðgjafarhópurinn fulltrúa í starfshóp á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Ýmis málefni sem koma að frumkvæði ungmenna eða að beiðni umboðsmanns hafa verið rædd á fundum, t.d. Barnasáttmálinn, myndbandagerð, viðhorf til barna og unglinga, skóli án aðgreiningar, börn með sérþarfir, sjálfs-ákvörðunarréttur barna, aðgengi barna á bókasöfn, fræðsla, forsjárdeilur, fósturbörn, börn sem vilja ekki búa heima hjá sér o.s.frv.



FUNDUR MEÐ MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐHERRA

Árið 2013 byrjaði vel hjá ráðgjafarhópnum en 3. janúar kom þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra ásamt föruneyti í heimsókn til fundar við hópin. Meðal þess sem rætt var um var þátttaka barna og ungmenna í ákvörðunartöku sem varðar þau sjálf í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans. Ráðgjafarhópurinn vill t.d. að börn séu spurð áhlits þegar ræða á breytingar á samræmdum prófum og breytt einkunnakerfi. Einnig var rætt um umburðarlyndi í skólum, einstaklingsmiðaða kennslu, lífsleikni og samræmingu á milli skóla. Eftir að ráðgjafarhópurinn hafði lokið við að koma sínum málefnum á framfæri bauð umboðsmaður barna fundarmönnum upp á súpu og brauð þar sem umræður héldu áfram. Fundurinn var afar gagnlegur fyrir alla aðila.

Í kjölfar fundarins ákvað ráðgjafarhópurinn að skrifa bréf til ráðherra með samantekt helstu atriða sem rædd voru á fundinum. Hér á eftir má finna helstu atriðin sem rædd voru á fundinum:

1. Þátttaka barna í ákvörðunartöku

Við teljum mikilvægt að börnum og ungmennum sé ávallt gefið tækifæri til að tjá sig og að tekið sé tillit til skoðana



þeirra þegar teknar eru ákvarðanir sem varða þau með einum eða öðrum hætti. Á þetta til dæmis við um allar ákvarðanir sem varða menntakerfið. Þetta er þó ekki alltaf gert. Til dæmis vitum við ekki til þess að nemendur hafi verið spurðir álitis áður en samræmdu prófin voru afnumin eða þegar tekin var ákvörðun um hverfaskiptingu framhaldsskóla. Nú höfum við heyrt að stefnt sé að því að taka upp nýtt einkunnakerfi – svokallað ABC-kerfi – en áður en það er gert teljum við mikilvægt að ræða við fulltrúa nemenda.

Þátttaka nemenda í ákvörðunum er einnig mikilvæg til þess að þeir læri um lýðræði. Ef börn fá að taka þátt í ákvarðanatöku frá því í leikskóla og vita hvers konar ábyrgð fylgir lýðræðislegum ákvörðunum er líklegra að þau verði betri og ábyrgari þjóðfélagsþegnar.

Það er einnig eðlilegt að okkar mati að nemendur hafi meira að segja um það hvernig kennari stendur sig. Við teljum til dæmis að það ætti að vera kennslumat á kennurum og öðru starfsfólki í öllum grunn- og framhaldsskólum. Þá gæti skólinn brugðist við ef kennari fær ítrekað kvartanir, t.d. um andlegt ofbeldi. Loks viljum við hvetja menntamálaráðherra til að tryggja að úrræði barna til að tjá sig samkvæmt lögum séu virk, t.d. að starfandi séu nemendafélög og skólaráð í öllum skólum. Það þarf sérstaklega að tryggja að nemendur fái raunverulega að taka þátt í skólaráði og fái fræðslu um það hvað það þýðir að vera í skólaráði.

2. Umburðarlyndi

Við teljum mjög mikilvægt að auka umburðarlyndi í skólum. Við þurfum að læra meira um það, bæði í leikskóla og grunnskóla, að það þurfi ekki allir að vera eins.

Við teljum til dæmis mikilvægt að það séu haldnar kynningar í grunnskólum um mismunandi hópa, t.d. fatlaða, samkynhneigða, önnur trúarbrögð o.s.frv. Núna virðist það undir hverjum og einum skóla komið hvort og þá hvers konar kynningar eru haldnar en þetta ætti að vera skylda fyrir alla skóla. Það er samt ekki nóg að fjalla bara um ólíka hópa í kennslustundum heldur þarf að sýna og fagna fjölbreytileikanum. Það er of mikið um það í kennslubókum að allir séu hvítir, gagnkynhneigðir, kristnir einstaklingar í hefðbundnum kynjahlutverkum. Það er mikilvægt að ganga ekki út frá því að allir séu gagnkynhneigðir og sýna ekki bara hina týpísku ímynd af karli og konu – strákar geta líka verið í ballett. Ekki nóg að segja frá þessu heldur þarf að sýna það í námsgögnum og kennarar og annað starfsfólk þarf að gera ráð fyrir alls konar nemendum!

Aukið umburðarlyndi getur líka dregið úr einelti. Þó að margt hafi breyst til hins betra þarf áfram að leggja áherslu á einelti. Það þarf líka að gera krökkum grein fyrir ábyrgð sinni og hvernig einelti getur birist.



3. Einstaklingsmiðað nám

Við teljum mikilvægt að skólar séu raunverulega með einstaklingsmiðað nám. Það þarf að taka ríkt tillit til nemenda með fötlun og aðrar sérþarfir og tryggja aðgengi þeirra í skólum. Við teljum til dæmis að það þurfi að vera mun fleiri stuðningsfulltrúar og sérkennarar. Það þarf líka að auka sérkennslu í framhaldsskólum.

Að okkur mati ætti maður ekki að þurfa vera með greiningu til að fá þá aðstoð sem maður þarf. Nú er allt of mikið lagt upp úr greiningum og nemendur sem þurfa mikla aðstoð fá hana ekki ef þeir eru ekki með „réttu“ greiningu. Hluti af því að virða fjölbreytileikann í skólum er að þurfa ekki skipta nemendum í einhverja fyrir fram ákveðna hópa.

Hluti af einstaklingsmiðuðu námi er líka að sinna þeim sem eiga auðvelt með nám og hafa áhuga. Kennarar eiga líka að kenna þeim sem hafa áhuga á að læra en ekki bara þeim sem eru með læti eða hafa ekki áhuga. Það þarf að gefa þeim nemendum sem gengur vel í námi kost



á að njóta sín og fá nám við sitt hæfi, t.d. nám innan framhaldsskóla. Til að koma í veg fyrir að kennari sinni bara erfiðum nemendum og tryggja að allir fái nám og kennslu við hæfi þurfa bekkir að vera minni. Það þarf að vera hámark í lögum. Við teljum að það ættu að vera í mesta lagi 20 nemendur í bekk í grunnskólum!

4. Lífsleikni

Mörg af þeim atriðum sem við nefndum hér að framan gætu verið kennd í lífsleikni. Það er ýmislegt áhugavert sem á að kenna í lífsleikni en er ekki gert. Oft er bara spilað í tímum eða tekið á einhverju öðru. Við teljum því mikilvægt að efla lífsleiknikennslu í grunnskólum. Okkur finnst til dæmis mikilvægt að kenna í lífsleikni það sem við munum nota í framtíðinni og mun gera okkur virkari og betri samfélagsþegna. Eins og kemur fram að framan þurfum við líka að læra meira um mismunandi hópa og umburðarlyndi.

Við nefndum einnig á fundinum að það vantaði meiri fjármálafræðslu og vorum ánægð að heyra að menntamálaráðuneytið væri að vinna að slíkri fræðslu fyrir grunnskóla.

5. Samræmi á milli skóla

Við teljum mikilvægt að það sé meira samræmi á milli skóla, t.d. hvað varðar námsgögn og einkunnir. Það þarf einnig að vera meiri framþróun í námsgögnum, til dæmis hafa þau á rafrænu formi.

Að lokum þakkaði ráðgjafarhópurinn kærlega fyrir fundinn og það tækifæri að koma skoðunum sínum á framfæri. Það er von hópsins að mennta- og menningar- málaráðherra muni hafa þessar ábendingar í huga og muni framvegis ávallt leita eftir skoðunum barna og ungmenna þegar hann tekur ákvarðanir sem varða börn með einhverjum hætti.

SÉRFRÆÐIHÓPUR BARNNA SEM EIGA FORELDRA SEM GLÍMA VIÐ ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDA

Embætti umboðsmanns barna hefur lengi stefnt að því að ná fram röddum barna sem búa yfir sérstakri reynslu á hinum ýmsu sviðum. Segja má að börn sem hafa orðið fyrir ákveðinni reynslu eða búið við hindranir eða erfiðar aðstæður séu sérfræðingar á vissu sviði. Upplýsingar frá þeim eru því sérstaklega mikilvægar fyrir umboðsmann barna til að átta sig á því hvernig hægt er að bæta stöðu barna sem eru í svipuðum sporum.

Ein leið til að ná fram sjónarmiðum barna sem búa yfir sérþekkingu á ákveðnu sviði er að kalla saman hóp barna sem búa yfir sameiginlegri reynslu. Á árinu 2013 kom umboðsmaður barna á fót slíkum sérfræðihópi barna sem eiga foreldra sem glíma við áfengis- og vímuefnavanda. Um er að ræða tilraunaverkefni en markmiðið með þessari vinnu er að ná fram sjónarmiðum þessara barna og heyra frá þeim sjálfum hvernig það er að eiga foreldri



sem á við áfengis- og vímuefnavandamál að stríða, hvers konar aðstoð hefur reynt þeim vel og hvaða þjónustu þarf helst að bæta.

Ástæðan fyrir því að þessi hópur varð fyrir valinu sem fyrsti sérfræðihópur umboðs-manns barna er meðal annars sú að ofneysla áfengis- og vímuefna er vandamál sem snertir líf margra barna, bæði beint og óbeint. Þá ríkir oft mikil þöggun um neyslu innan veggja heimilisins og eru börn þeirra sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða oft falinn hópur sem upplifir mikla skömm.

SÁÁ, samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, hefur unnið gott starf fyrir börn og boðið upp á sálfræðiþjónustu fyrir þau börn sem búa við slæmar aðstæður vegna foreldra sem glíma við áfengis- og vímuefnavanda. Umboðsmaður barna ákvað því að leita til SÁÁ eftir samstarfi við þetta mikilvæga verkefni. Starfsmenn umboðsmanns barna og sálfræðingar SÁÁ unnu

saman að því að undirbúa sérfræðihópinn. Sálfræðingar SÁÁ sáu um að finna ungmenni til að taka þátt í hópnum. Fundirnir voru svo skipulagðir með hliðsjón af handriti frá umboðsmanni barna í Noregi sem hefur góða reynslu af vinnu með sérfræðihópum barna á ýmsum sviðum.

Alls tóku sjö ungmenni á aldrinum 14 til 18 ára þátt í sérfræðihópnum sem fundaði fjórum sinnum á árinu. Vinna sérfræðihópsins mun halda áfram árið 2014 og er stefnt að því að halda að minnsta kosti tvo fundi til viðbótar. Þegar vinna sérfræðihópsins lýkur mun vera gefin út skýrsla með helstu niðurstöðum.

Umboðsmaður barna vonast til þess að sú vinna sem hefur átt sér stað með sérfræðihópnum geti varpað ljósi á það hvernig hægt er að bæta líf þeirra barna sem eiga foreldra sem glíma við áfengis- og vímuefnavanda.

Hvernig er best að segja barni að faðir þess sé fíkill?



UNGMENNARÁÐ

Árið 2007 tóku gildi æskulýðslög nr. 70/2007 og í samræmi við 2. mgr. 11. gr. þeirra laga ber sveitarstjórnnum að hlutast til um að stofnuð sé sérstök ungmennaráð. Hlutverk ráðsins er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnirnar sjálfar eiga síðan að setja sér nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráði. Umboðsmaður barna hefur reynt að stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu og einn liður í því er að halda utan um hvernig málefnum ungmennaráða er háttað á landinu. Til að kanna hvort sveitarfélög væru búin að stofna eða hygðust stofna ungmennaráð sendi umboðsmaður barna spurningalista til allra sveitarfélaga á landinu árin 2008, 2010 og 2013. Á miðju ári 2010 var staðan þannig að 18 sveitarfélög með um 74% íbúa landsins voru með starfandi ungmennaráð. Árið 2013 voru starfandi ungmennaráð í 36 sveitarfélögum með um 94% íbúa og í 5 sveitarfélögum til viðbótar stóð til að koma á fót ungmennaráði. Niðurstaða umboðsmanns er því sú að stærstu og meðalstóru sveitarfélögin starfrækja ungmennaráð og starfsemi ráðanna festist meira í sessi með hverju árinu sem liður.



AFBROT

Móðir lýsir áhyggjum yfir því að foreldrar virði ekki aldurstakmark á Facebook og mörg börn séu komin með aðgang.

MEINT BROT LÖGREGLUMANNA

Umboðsmaður barna sendi bréf til ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara í júní 2013 um verklag lögreglu þegar kemur að meintum brotum lögreglumanna gegn börnum. Umboðsmanni barna hafa borist ábendingar sem varða ofbeldisbrot, og þá sérstaklega kynferðisbrot, gegn börnum og hvernig brugðist er við þeim innan viðkomandi stofnana eða samfélaga. Meðal annars hafa borist ábendingar vegna brota sem framin eru af lögreglumönnum og viðbrögð lögreglunnar við þeim. Lögreglumenn njóta mikillar sérstöðu í samfélaginu vegna þess valds sem þeir hafa, þess trausts sem þeir þurfa að njóta og ekki síst þess trúnaðar sem þeir þurfa að gæta. Auk þess gegnir lögreglan mikilvægu hlutverki í samfélaginu og almenningur þarf að treysta á hana til að koma sér til aðstoðar við ýmsar aðstæður. Það er því sérstaklega mikilvægt að lögreglan sé með verkferla sem stuðla að því að mál sem varða meint brot lögreglumanna fái tilhlýðilega meðferð og að vinnubrögð séu ekki til þess fallin að rýra traust til lögreglunnar. Slíkt mál eru enn viðkvæmari þegar um er að ræða minni samfélög þar sem nálægð við borgarana er mikil og lögreglan gegnir jafnvel enn stærra hlutverki en í fjölmennari samfélagum.

Lögmaður hafði samband vegna 17 ára drengs sem var tekinn fyrir of hraðan akstur og látinn afsala sér lögmanna-aðstoð.

Ábending varðandi heimasíðu sem inniheldur óviðeigandi efni.

Umboðsmaður barna óskaði eftir upplýsingum um hvort ríkislögreglustjóri/ríkissaksóknari hefði unnið að einhvers konar leiðbeiningum um hvernig bæri að rannsaka mál þegar grunur léki á að brot hefði verið framið af lögreglumanni og þá sérstaklega í þeim tilvikum þegar meintur þolandi er barn eða börn. Ef slíkar verklagreglur eru ekki til óskast upplýst hvort embættið telji þörf á að setja slíkar reglur og hvort slíkt standi til. Eftirfarandi er samantekt úr svörum ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara.

Í svarbréfi ríkislögreglustjóra var bent á lög og reglur, þ.m.t. fyrirmæli ríkissaksóknara og bárust nokkur fylgiskjöl. Í svörum ríkissaksóknara var vísað í fyrirmæli embættisins líkt og ríkislögreglustjóri gerði í sínu svari sem eru almenn og taka jafnt til meintra brota innan sem utan starfs og taka til allra brotaflokka. Rannsóknir kynferðisbrotamála eru almennt í skýrum farvegi innan lögreglu og ákærvaldsins. Af þeim ástæðum hefur ríkissaksóknari ekki talið þörf á því að setja sérstakar reglur um rannsóknir sakamála þegar lögreglumenn eru bornir sökum um kynferðisbrot, umfram það sem kveðið er á um í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Meðferð kynferðisbrotamála innan refsivörslukerfisins er hins vegar í stöðugri skoðun innan ríkissaksóknaraembættisins með

hliðsjón af málum sem koma upp. Ríkissaksóknari upplýsti umboðsmann í bréfinu sínu um að hann hefði verið skipaður í vinnuhóp á vegum innanríkisráðuneytisins sem hefði það hlutverk að undirbúa tillögur til ráðherra um verklagsreglur sem varða m.a. réttarstöðu lögreglumanna, réttindi brotaþola, rétta málsmeðferð o. fl. Vinnuhópnum var falið að fara yfir núgildandi löggjöf og leggja mat á hvort þörf væri á að gera tillögur til ráðherra um breytingar og lauk starfi sínu í byrjun sumars 2013. Leiðbeiningunum er ætlað að skýra og samræma viðbrögð við kærur á hendur lögreglumönnum og fangavörðum en þær eru almenns eðlis og taka jafnt til meintra kynferðisbrota sem annarra alvarlegra brota. Í leiðbeiningunum er m.a. kveðið á um upplýsingamiðlun milli embætta, fyrstu viðbrögð lögreglustjóra eða fangelsisyrvalda, m.a. út frá hagsmunum brotaþola, málshraða, samráðsvettvangi og hvort og hvernig skuli standa að ráðstöfunum gagnvart starfsmönnum varðandi breytingu á vinnuskyldum eða lausn frá embætti um stundarsakir o.fl. Samkvæmt upplýsingum frá ríkissaksóknara er lokavinnslan í ráðuneytinu á lokastigi. Umboðsmaður barna mun fylgjast með þeim leiðbeiningum sem eru í vinnslu.





SAKAVOTTORÐ

Umboðsmanni barst ábending um að barn gæti ekki fengið eigið sakavottorð án samþykkis foreldra. Að því tilefni sendi umboðsmaður bréf til ríkissaksóknara þann 4. júní 2013 þar sem hann bendir á mikilvægi þess að ríkissaksóknari endurskoði 8. gr. reglna nr. 680/2009 þannig að skýrt verði að börn á aldrinum 15 til 18 ára geti fengið eigið sakavottorð án samþykkis forsjáraðila.

Samkvæmt 2. mgr. 227. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 á hver og einn rétt á að fá afhent sakavottorð eða upplýsingar um eigin sakaferil. Í ákvæðinu eru ekki gerð nein skilyrði um aldur viðkomandi og nær ákvæðið því jafnt til sakhæfra barna og fullorðinna. Er þetta ákvæði í samræmi við þá meginreglu að einstaklingar eigi rétt á að fá aðgang að upplýsingum um sig.

Í 8. gr. reglna nr. 680/2009, um sakará ríkisins, er hins vegar vikið frá framangreindri meginreglu og kveðið á um að sakavottorð handa þeim sem er yngri en 18 ára skuli aðeins látið í té ef fyrir liggur samþykki forsjáraðila. Umboðsmaður barna getur ekki séð að umrætt ákvæði eigi sér fullnægjandi laga- stoð enda gengur það þvert á fyrrnefnt ákvæði laga um meðferð sakamála.

Börn eiga stigvaxandi rétt á að hafa áhrif á eigið líf og taka sjálfstæðar

„Veistu hvort börn/unglingar geti fengið upplýsingar um sig án þess að fara í gegnum foreldra og hve gömul þau þurfa að vera?“

ákvarðanir, eins og meðal annars kemur fram í 12. gr. Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013 og 1. gr. barnalaga nr. 76/2003. Í samræmi við það telur umboðsmaður barna mikilvægt að tryggja börnum sjálfstæðan rétt til upplýsinga um sig sjálf. Þar sem börn verða sakhæf 15 ára má ætla að löggjafinn telji að börn séu frá þeim aldri fær um að axla ákveðna ábyrgð og taka sjálfstæðar ákvarðanir.



Ef barn er 15 ára gamalt og vill kalla eftir gögnum vegna rannsókna sinna mála hjá Ríkissaksóknara, getur það ekki fengið aðgang að gögnum nema með samþykki forráðamanns?

NÁMSFERÐ TIL ÍRLANDS OG N-ÍRLANDS

Umboðsmaður barna byggir starf sitt að miklu leyti á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í 12. gr. Barnasáttmálans er fjallað um rétt barna til að tjá sig um eigin málefni og taka lýðræðislegan þátt í samfélaginu. Þar segir að börn eigi rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Þetta er eitt af þeim ákvæðum Barnasáttmálans sem erfiðast hefur verið að framfylgja hér á landi þrátt fyrir jákvæða þróun að undanfögnu í þeim málum, sérstaklega á lagalega sviðinu.

Tvö lönd hafa vakið athygli umboðsmanna barna í Evrópu fyrir áhugavert starf í þágu barnalýðræðis, m.a. með því að virkja ólíka aðila samfélagsins til að huga að viðhorfum barna. Þessi tvö lönd eru Norður-Írland og Írland. Umboðsmaður barna ákvað að sækja um styrk til Leonardo-menntaáætlunar ESB til þess að fara til fyrrnefndra landa og kynna starfi umboðsmanna barna þar. Embætti umboðsmanns hlaut styrkt til verkefnisins og fór starfsfólk embættisins í námsferð til systurembætta sinna dagana 14.-19. apríl 2013 til að kynna sér starf þeirra með þátttöku barna í samfélaginu.

Ferðin hófst í Belfast þar sem Patricia Lewsley-Mooney umboðsmaður barna á Norður-Írlandi (NICCY) tók á móti starfsfólki embættisins á skrifstofu sinni og kynnti 26 starfsmenn sína. Eftir kynningu frá sviðsstjórum norðuríriska embættisins komu fulltrúar 11 samtaka og

rannsóknastofnana til að hlusta á umboðsmann barna flytja kynningu á starfi embættisins á Íslandi. Umboðsmaður fjallaði sérstaklega um lögfestingu Barnasáttmálans og voru viðstaddir mjög áhugasamir um þann þátt. Enn fremur hitti starfsfólk embættisins Jennifer McCann, Junior Minister og Gavin Robinson borgarstjóra Belfast þar sem rætt var um barnalýðræði og um réttindi barna. Hápunkturinn var fundur með nokkrum ungmennum frá ungmennaráði NICCY.

Næst lá leiðin til Dyflinnar þar sem umboðsmaður barna á Írlandi, Emily Logan, hefur aðsetur. Þar átti umboðs-





maður barna og starfsfólk hans fund með lykilfólki umboðsmanns barna á Írlandi en á skrifstofunni starfa 15 manns. Einnig fundaði umboðsmaður og hans starfsfólk með tveimur félagasamtökum sem vinna mikið með þátttöku og lýðræði barna og ungs fólks.

Námsferðin var í alla staði mjög vel heppnuð og færði starfsfólki umboðsmanns barna margar hugmyndir að því hvernig efla megi þátttökulýðræði meðal barna og unglinga hér á landi. Margar af þeim hugmyndum sem vöknudú í ferðinni hafa þegar nýst í starfi umboðsmanns barna og munu gera það áfram.





UMSAGNIR



Móðir spyr hvaða reglur gilda um notkun handakúta og gæðamerkingar á þeim.

Einn af mikilvægum þáttum í starfi umboðsmanns barna er að veita Alþingi umsagnir um lagafrumvörp og tillögur til þingsályktunar er varða hagsmuni og réttindi barna. Einnig kemur fyrir að óskað er eftir umsögnum um drög að frumvörpum eða reglugerðum sem eru í vinnslu hjá ráðuneytum.

Árið 2013 veitti umboðsmaður barna umsagnir um eftirfarandi mál:

- Frumvarp til laga um tóbaksvarnir og verslun með áfengi og tóbak (bann við sölu skrotóbaks), 499. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (kynferðisbrot gegn börnum innan fjölskyldu), 478. mál.
- Frumvarp til laga um landlénið .is og önnur íslensk höfuðlén, 421. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnavernd til 2014, 458. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020, 470. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 (stefnandi barnsfaðernismáls), 323. mál.

Af hverju þurfa börn að greiða nefskatt?

- Frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 með síðari breytingum (öryggisráðstafanir o.fl.), 420. mál.
- Frumvarp til laga um útlendinga (heildarlög, EES-reglur), 541. mál.

Er auðvelt að skipta um nafn og kenna sig við móður í stað föður?

- Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustað.

- Samráð vegna lagafrumvarps um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

- Tillaga til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi, 37. mál.

- Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (kynvitund), 109. mál.

- Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar um málefni hinsegin fólks, 29. mál.

- Tillaga til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum (tvöfalt lögheimili), 70 mál.

- Tillaga til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlunar, 89. mál.

Ábending vegna lagasetningar sem hamlar börnum að búa til heimasíðu með .is-lén.

Má beisla börn?

Er lágmarks-tími fyrir foreldraorlof?

Hversu djúpur má gosbrunnur vera?

- Tillaga til þingsályktunar um útlendinga, 136. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um skráningu upplýsinga um umgengnisforeldra, 71. mál.
- Frumvarp um breytingu á lögum nr. 86/2011, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum (heimildir ÁTVR til að hafna áfengi), 156. mál.

- Frumvarp til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðis-sviði (heildarlög), 159. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2022 og lögum nr. 80/2011, um breytingu á þeim lögum (rekstur heimila fyrir börn), 186. mál.

Hvaða reglur gilda um heita potta, þ.e. um hæð þeirra og öryggi?



SAMSTARF

INNLENDIR SAMSTARFSADILAR

Hjá umboðsmanni barna starfa einungis fjórir starfsmenn og er því mikilvægt fyrir starf embættisins að eiga gott samstarf við aðra sem vinna að málefnum barna. Umboðsmaður barna leitar reglulega eftir álit hjá sérfræðingum á ýmsum sviðum, svo sem starfsfólki stofnana, félagasamtaka eða annarra fagaðila. Umboðsmaður barna telur mikilvægt að eiga í góðu sambandi við samstarfsaðila og bauð þeim ásamt vinum í lok ársins í opið hús hjá embættinu. Á árinu 2013 átti umboðsmaður barna auk þess formlegt samstarf við eftirfarandi aðila:

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd leitaði til umboðsmanns barna vegna verkefnisins Barn í blóma og ákvað umboðsmaður barna að styrkja verkefnið. Barn í blóma er nýsköpunar- og þróunarverkefni sem felst í námskeiði fyrir ungar stúlkur og foreldra þeirra til að styrkja sjálfmynd, samskipti og siðferðiskennd og ekki síst tengsl og samveru foreldra og barna. Námskeiðið fer að miklu leyti fram á Netinu og felur í sér nýja sýn og nálgun í flóru sjálfstyrkingarnámskeiða. Að verkefniinu standa sérfræðingar með margra ára reynslu í námskeiðahaldi og fræðslu á þessu sviði. Umboðsmaður barna benti á mikilvægi þess að jafnræðis yrði gætt og að námskeiðið yrði í boði fyrir sem flest börn, bæði stráka og stelpur, sama hvar þau byggju á landinu.

Barnahópur velferðarvaktarinnar

Umboðsmaður barna átti sæti í sérstökum barnahópi velferðarvaktarinnar á árinu en hann er starfræktur á vegum velferðarráðherra. Hópnunum er ætlað að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhags-

Koma leiðbeiningarreglur umboðsmanns barna og talsmanns neytenda í veg fyrir kynningu á tómstundastarfi á vegum frjálsra félagasamtaka í grunnskólum?



legum afleiðingum bankahrunsins á börn og fjölskyldur þeirra og gera tillögur um aðgerðir í þeim efnum. Hópurinn á að leggja mat á afleiðingar kreppunnar á börn og barnafjölskyldur og tilgreina hvaða upplýsingar vantar til að skýr mynd fái. Þá á hann að taka saman yfirlit um það sem þegar hefur verið gert til að koma í veg fyrir alvarlegar eða varanlegar afleiðingar efnahagsástandsins á börn. Hópurinn á einnig að leggja fram tillögur til úrbóta. Í hópnunum eiga sæti fulltrúar Bandalags háskólanna, Barnaverndarstofu, Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar, Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Heimilis og skóla, UNICEF á Íslandi, Hafnarfjarðarbæjar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Móðir spyr hvort það standist að miða við 16 ára afmælisdag þegar kemur að inngöngu á sveitaball.

Bakland SAFT

SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglunga á Íslandi. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af framkvæmdastjórn ESB. Fulltrúi frá umboðsmanni barna á sæti í baklandi SAFT.

Námsvefurinn www.barnasattmali.is

Umboðsmaður barna hefur undanfarin ár átt í samstarfi við Barnaheill – Save the Children á Íslandi, UNICEF á Íslandi og Námsgagnastofnun og er helsta markmið þess samstarfs að stuðla að aukinni vitund almennings um Barnasáttmálann. Samstarfið hófst árið 2008 með útgáfu veggspjalda og bæklinga og á árinu 2009 var settur upp fræðsluvefurinn www.barnasattmali.is. Vefurinn er ætlaður til notkunar í leik- og grunnskóla en hentar einnig öðrum aldurshópum. Á síðunni má líka finna leiki og verkefni fyrir börn. Árið 2012 varð mikil útlitsbreyting á heimasíðunni auk þess sem hún var yfirfarin og uppfærð. Umboðsmaður barna er stoltur af þessu verkefni og vonast til að vefurinn muni nýtast börnum, kennurum og öðrum til að fræða börn og unglunga um réttindi þeirra. Á árinu 2013 var gerður samningur þess efnis að Námsgagnastofnun myndi hýsa vefinn og bera þann kostnað sem því fylgir en allur annar kostnaður munu hinir þrjú samstarfsaðilarnir greiða, t.d. voru gerðar breytingar til þess að auðvelda aðgengi fólks af erlendum uppruna.

Háskólinn í Reykjavík

Frá árinu 2009 hefur verið samkomulag í gildi milli umboðsmanns barna og lagadeildar Háskólans í Reykjavík um að taka

Móðir hafði samband vegna þess að henni var ekki heimilt að taka út peninga fyrir barnið sitt af deþreikingi. Er þetta rétt?

Forsjárlaust foreldri stofnaði bankareikning fyrir barnið sitt en er ekki heimilt að taka peninga út af reikningnum. Er það í lagi?

á móti meistaranemum í starfsnám. Á árinu 2013 kom einn laganemi til umboðsmanns í slíkt starfsnám og vann að ýmsum verkefnum með starfsmönnum embættisins.

Hoff – heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum

Umboðsmaður barna hefur tekið þátt í starfi Hoff-hópsins sem vinnur að heilsueflingu og forvörnum í framhaldsskólum. Markmið verkefnisins er meðal annars að stuðla að bættri almennri líðan og heilsu nemenda, efla forvarnir gegn vímuefnum í framhaldsskólum og bæta og efla ráðgjöf við nemendur á sem flestum sviðum sem snerta velferð þeirra. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið og embætti landlæknis leggja til fjármagn og starfsmenn í verkefnið.

Náum áttum

Umboðsmaður barna hefur átt fulltrúa í Náum áttum sem er opin samstarfshópur þeirra sem láta sig varða heill barna og ungmenna. Náum áttum er fræðslu- og forvarnarhópur sem skipuleggur morgunverðarfundir einu sinni í mánuði yfir vetrartímann um ýmis mál sem varða forvarnir og velferð barna og ungmenna sem talið er vert að vekja athygli samfélagsins á.

Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna

Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (Rann-Ung) er ætlað að hafa frumkvæði að og sinna rannsóknum, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna sem varða börn á leikskólaaldri. Á árinu 2013 sat umboðsmaður barna í stjórn RannUng.

SAMAN-hópurinn

Umboðsmaður barna hefur setið í SAMAN-hópnum sem er samstarfsvettvangur frjálsra félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana sem láta sig velferð barna og fjölskyldna þeirra varða. Markmiðið er að vekja athygli á þeirri ógn sem börnum og unglíngum stafar af áfengi og vímuefnum, styðja við foreldra í uppeldishlutverkinu og hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar. Þetta hefur verið gert með auglýsingum ásamt fræðslu- og kynningarefni.

Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavanda (SÁÁ)

Umboðsmaður barna átti í góðu samstarfi við SÁÁ á árinu vegna sérfræðihóps barna sem eiga foreldra sem glíma við áfengis- og vímuefnavanda. Umboðsmaður átti marga góða fundir með starfsmönnum SÁÁ og naut liðsinnis þeirra í vinnu sinni við undirbúning sérfræðihópsins. Lesa má meira um sérfræðihópinn í ársskýrslunni.



Annað

Umboðsmaður barna átti samstarf með teymi um mál-efni innflytjenda, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, UNICEF á Íslandi, Námsgagnastofnun, Reykjavíkurborg, Samtökin Móðurmál og Samtök kvenna af erlendum uppruna. Tilfni samstarfsins var að vekja athygli á málefnum barna sem eru innflytjendur. Samstarfshópurinn stóð að tveimur málþingum á Grand hóteli, „Hvernig tryggjum við rétt allra barna óháð uppruna?“ og „Öll börn eru mikilvæg. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna lögfestur á Íslandi“.

ERLENDIR SAMSTARFSADILAR

Fundur umboðsmanna barna á Norðurlöndunum

Árlegur fundur umboðsmanna barna á Norðurlöndunum var haldinn í Jyväskylä í Finnlandi dagana 19.–21. ágúst. Umboðsmenn barna á Norðurlöndum vinna náið saman og funda árlega til að ræða þau málefni sem efst eru á baugi og tengjast réttindum barna. Auk norrænu umboðsmannanna mættu á fundinn fulltrúar sambærilegra embætta frá Eistlandi, Lettlandi og Litháen.

Hvert á að hringja til að láta vita af kynferðisofbeldi gegn barni?

Eitt af umræðuefnum fundarins var réttur barna á vernd gegn líkamlegum refsingum og annars konar ofbeldi sem börn eru beitt í uppeldislegum tilgangi á heimilum sínum. Öll norrænu ríkin og Eystrasaltsríkin hafa fullgilt samning Sameinuðu



þjóðanna um réttindi barnsins og því hafa stjórnvöld lofað að tryggja börnum slíka vernd. Þrátt fyrir það þurfa mörg börn í öllum þessum löndum að þola líkamlegt og andlegt ofbeldi af hendi foreldra sinna.

Bann við líkamlegum refsingum í lögum er nauðsynlegt en lög ein og sér duga þó ekki til þess að vernda börn fyrir öllu ofbeldi. Mikilvægt er að stuðla að því að vekja athygli og fræða almenning, þjálfara og styðja við foreldra til þess að koma í veg fyrir og draga úr líkamlegum refsingum.

Nú hafa 33 ríki bannað líkamlegar refsingar á börnum af hendi foreldra en fleiri ríki hafa lagt bann við ofbeldi í skólanum. Staðan er því þannig að í mörgum löndum er bannað að beita börn ofbeldi í skólanum en ekki á heimilum.

Í sameiginlegri yfirlýsingu fundarins um vernd gegn ofbeldi eru stjórnvöld í Eistlandi, Litháen og Grænland hvött til að gera breytingar á lögum til að banna líkamlegar refsingar á heimilum en þar er ekki að finna ákvæði í lögum sem banna það.

Þá eru stjórnvöld á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum hvött til að:

- Veita og styrkja ráðgjöf og þjálfun fyrir foreldra um uppbyggjandi aðferðir til að ala upp börn og halda aga. Slík þjónusta er sérstaklega mikilvæg fyrir nýbakaða foreldra og ætti helst að vera í boði áður en börnin fæðast.
- Veita og styrkja ráðgjöf fyrir foreldra undir miklu álagi og streitu. Slík þjónusta er sérstaklega mikilvæg fyrir foreldra ungubarna, barna með fötlun eða sérþarfir, einstæða foreldra og innflytjendur.
- Veita sem fyrst stuðning og betri þjónustu fyrir foreldra sem glíma við geðræn vandamál eða vímuefnavanda.
- Veita öllum foreldrum upplýsingar um löggjöf varðandi ábyrgð þeirra, forsjárskyldur og mannréttindi, þ. á m. foreldrum sem eru nýfluttir til Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna.
- Upplýsa börnin sjálf um mannréttindi og þá þjónustu sem stendur þeim til boða. Þetta þarf að gera með aðferðum sem henta aldri þeirra, helst frá leikskólaaldri.
- Safna reglulega upplýsingum frá börnum og fullorðnum um viðhorf þeirra til ofbeldis og hversu oft ofbeldi er beitt, sérstaklega í uppeldislegum tilgangi.

Fundur samtaka evrópskra umboðsmanna barna (ENOC)

Dagana 24.–27. september sl. stóðu samtök evrópskra umboðsmanna barna (ENOC), sem er tengslanet umboðsmanna barna í Evrópu, fyrir ráðstefnu um börn á faraldsfæti (children on the move).

Með hugtakinu börn á faraldsfæti er t.d. átt við börn á flóttu, börn sem eru hælisleitendur, börn sem eru fórnarlömb mansals og börn sem flytja á milli landa með fjölskyldum sínum í leit að betra lífi.

Á ráðstefnunni komu saman ýmsir sérfræðingar á sviði barnaréttar og ræddu málefni barna sem ferðast til og innan Evrópu. Aðstæður þessara barna og vandamálín sem þau þurfa að glíma við eru flókin og margbreytileg þar sem sum ferðast með foreldrum sínum eða fjölskyldumeðlimum en önnur ferðast ein eða í fylgd óskylds aðila. Mikilvægt er að þeir sem vinna með eða fyrir þessi börn séu vel upplýstir um þarfir þeirra og grundvallarréttindi og að í viðkomandi ríkjum sé til staðar lagaframkvæmd þar sem réttindi barnanna eru virt. Þá þarf að tryggja að nægilegt fjármagn renni til málaflokksins til að mögulegt sé að tryggja réttindi þessara barna.

Á ráðstefnunni var kynnt ný mynd um börn á faraldsfæti í Evrópu. Myndin heitir Children on the move: Children first.²

Í framhaldi af ráðstefnunni hélt ENOC árlegan fund sinn. Á fundinum var samþykkt yfirlýsing um börn á faraldsfæti þar sem umboðsmenn barna í Evrópu lýsa yfir þungum áhyggjum af aðstæðum barna á faraldsfæti og hvernig þörfum þeirra er mætt í Evrópu. Í yfirlýsingunni er fjallað um hvernig umboðsmenn barna myndu vilja sjá staðið að málum barna sem eru á faraldsfæti. Á fundinum var einnig samþykkt yfirlýsing þar sem umboðsmenn barna í Evrópu hvetja alþjóðasamfélagið til að koma börnum sem eru fórnarlömb stríðsins í Sýrlandi til hjálpar sem fyrst.

Heimsókn frá Litháen

Í ágúst tók umboðsmaður barna á móti fulltrúum sem starfa fyrir Global Initiative on Psychiatry sem hefur aðsetur í höfuðborg Litháens, Vilníus. Gestirnir höfðu sérstakan áhuga á að kynna sér málefni geðfatlaðra á Íslandi með það fyrir augum að finna mögulega samstarfsaðila á þessu sviði. Ýmsum fagaðilum og fulltrúum var boðið að funda með þeim á skrifstofu umboðsmanns barna en einnig heimsóttu gestirnir ýmsa staði.

Sendinefnd frá Eistlandi

Í október 2013 fékk umboðsmaður barna heimsókn frá sendinefnd umboðsmanns barna í Eistlandi með það markmið að kynna þvi hvernig umboðsmaður barna á Íslandi starfar. Sendinefnd umboðsmanns barna er hluti af umboðsmanni Alþingis þar í landi en er sjálfstæð eining innan þess embættis. Auk þess að kynna starfsemi umboðsmanns barna kynntu þau sér starfsemi ýmissa annarra sem starfa að málefnum barna hér á landi. Heimsóknin var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.



Rannsókn á störfum umboðsmanns barna

Umboðsmaður barna tók á móti Brian Gran, prófessor við Case Western Reserve háskólann í Ohio í Bandaríkjunum, í byrjun ársins 2013. Brian dvaldi á Íslandi í u.þ.b. þrjú mánuði og kom reglulega á skrifstofu embættis umboðsmanns barna og fylgdist með störfum umboðsmanns og starfsfólks hans. Ástæðan fyrir komu Brians var sú að hann vinnur að heildstæðri rannsókn um embætti umboðsmanna barna. Af því tilefni hefur hann rætt við stóran hluta umboðsmanna barna í heiminum auk þess sem hann velur nokkur embætti til þess að heimsækja. Brian ræddi við hvern og einn starfsmann embættisins til þess að kynna starfsemi þess auk þess sem hann mætti með starfsfólki embættisins á ýmsa fundi. Þá ræddi Brian við samstarfsaðila umboðsmanns barna um embættið.

² Sjá má myndina hér: <http://vimeo.com/75288437>

HEIMSÓKNIR, FUNDIR, MÁLÞING OG RÁÐSTEFNUR

HEIMSÓKNIR OG FUNDIR

Umboðsmaður barna fékk á árinu margar heimsóknir frá einstaklingum og fulltrúum stofnana og félagasamtaka. Sömuleiðis heimsóttu umboðsmaður barna og starfsfólk embættisins ýmsar stofnanir og félagasamtök á árinu. Auk þess átti umboðsmaður fundi með ýmsum aðilum í samfélaginu með það fyrir augum að efla samvinnu þeirra sem vinna að hag barna. Hér á eftir má sjá lista yfir þær stofnanir/samtök sem umboðsmaður barna heimsótti eða fundaði með:

- Ríkislögreglustjóri
- Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans (BUGL)
- Velferðarnefnd Alþingis
- Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavanda (SÁÁ)
- Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldu-málefni
- Sjóðarhóll – fyrir sérstök börn til betra lífs
- Sýslumaðurinn í Reykjavík
- Velferðarráðherra
- Félagsmálaráðherra
- Umboðsmaður Grænlands
- Þroska- og hegðunarmiðstöðin
- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

*Móðir spyr
hver séu mörkin
vegna tekna átta
ára barns síns í
sambandi við
skattskýrslu.*

- Regnbogabörn
- Samtök meðlagsgreiðenda
- Samskiptamiðstöðin
- Barnalæknar
- Landlæknir
- The Charity and support fund „G Children's World“
- Strætó bs.
- Umboðsmaður Alþingis í Lettlandi
- Umboðsmaður borgarbúa
- Vinakot
- Íslensk ættleiðing
- Meðferðarheimilið Laugabakki
- Velferðarráðuneytið
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- UNICEF á Íslandi
- Barnaheill
- Forsætisráðuneytið
- Velferðarvaktin

Auk þess voru fleiri heimsóknir eða fundir sem fjallað er nánar um í köflum skýrslunnar. Að lokum er rétt að geta þess að umboðsmaður barna heimsótti skóla, ungmenningar- og félagasamtök í tengslum við kynningar á embættinu, sbr. upptalningu á bls. 7 og 8.

*Foreldri spyr
hvort það sé löglegt
að auglýsa fræðslufund
um fjármál fyrir ófjárráða
unglinga þar sem
forsjarmönnum er ekki
boðið sérstaklega
með.*



Fundur með þingmönnum

Í kjölfar alþingiskosninga sem fóru fram í maí 2013 ákvað umboðsmaður barna að bjóða nýkjörnum þingmönnum á kynningarfund á skrifstofu embættisins að Kringlunni 1. Átján þingmenn úr fimm flokkum mættu.

Markmiðið með boðinu var að kynna embætti umboðsmanns barna og þau málefni sem helst brenna á því. Auk þess kynntu fulltrúar úr ráðgjafarhópi umboðsmanns barna starf hópsins og hvöttu þingmenn til að leita eftir álit barna áður en ákvarðanir sem hafa áhrif á þau eru teknar. Þá var fjallað um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var lögfestur í febrúar. Í lokin voru þingmenn fengnir í leik til að kynnast sáttmálanum betur. Umboðsmaður hvatti þingmenn til þess að huga að þeirri skyldu að hlusta eftir sjónarmiðum barna og taka tillit til skoðana þeirra og ábendinga enda er það í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans.

Tengslafundur fyrir félagasamtök sem starfa að hagsmunamálum barna

Mikilvægt er fyrir umboðsmann barna að vita að hverju hin ýmsu félagasamtök vinna á hverjum tíma. Ákvað umboðsmaður því að koma á fót samráðsvettvangi ólíkra aðila sem vinna með einum eða öðrum hætti að því að



gæta hagsmuna barna og bæta réttarstöðu þeirra. Markmið fundarins var að skiptast á upplýsingum en einnig fræða þá sem starfa á þessum vettvangi um réttindi barna. Þá gafst félagasamtökum að kynna sig og helstu verkefni sín.

Á fundinn mættu rúmlega tuttugu félagasamtök og fannst umboðsmanni barna og starfsfólki hans fundurinn heppnast vel. Umboðsmanni barna þótti ánægjulegt að kynna fólki úr hinum ýmsu félagasamtökum, heyrja hvað grasrótin væri að gera og sjá að allir þessari aðilar ynnu að sama markmiðinu með einum eða öðrum hætti.

Á fundinum var einnig rætt um framhald á vinnu hópsins og komu fram óskir um að haldinn yrði annar fundur á vormánuðum. Þar gæfist fólki tækifæri til að koma á fót mögulegum samstarfsverkefnum frá og með haustinu 2014. Umboðsmaður barna tók þó fram að miklar annir væru hjá honum á vorin og sér umboðsmaður barna sér því ekki fært að standa að fundi á þeim tíma. Hann hvatti þó áhugasama um að hafa frumkvæði að því að boða og halda slíkan fund. Stefnir umboðsmaður barna á að boða annan tengslafund haustið 2014.

„Er búðum skilt að hafa öryggisbúnað í búðarkerrum sínum þ.e. belti í kerrusætinu þó ekki væri nema í hluta af þeim kerrum sem er í boði? Eða hvernig er þessum málum háttað?“



MÁLÞING OG RÁÐSTEFNUR

JANÚAR

„Réttast væri að flengja ræfilinn. Viðhorf til barna – með geðrænan vanda.“ Ráðstefna á vegum barna- og ungl-ingageðdeildar Landspítalans. Laugardalshöll.

„Barnalögin – Breytingar til batnaðar? Áhrif nýsamþykktra breytinga á barnalögum.“ Málþing á vegum Orators, félags laganema við Háskóla Íslands.

„Mat á forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum.“ Kynning á niðurstöðum MA-ritgerðar í samstarfi við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands og Blátt áfram.

FEBRÚAR

„Hundur eða blaðra? Vímuefnaleit í framhaldsskólum og skólaskemmtunum.“ Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

„Réttindi og ábyrgð á Netinu.“ Málþing á vegum SAFT í samstarfi við ráðuneyti innanríkis-, velferðar- og mennta- og menningarmála, Póst- og fjarskiptastofnun, Símann, Lenovo, Microsoft Ísland og Háskóla Íslands. Skriða, aðalbygging Menntavísindasviðs Háskóla Íslands v/Stakka-hlíð.

„Gerendur kynferðisbrota gegn börnum: Hvað er til ráða?“ Málþing á vegum lagadeildar og sálfræðisviðs Háskólans í Reykjavík. Háskólinn í Reykjavík.

Opnun á samfélagsvefnum www.netsamfelag.is. Flensborgarskólinn í Hafnarfirði.

MARS

„Forvarnargildi íprótta- og tómstundastarfs – hvað virkar og hvað virkar ekki?“ Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

„Aðgát skal höfð... forðumst einelti.“ Ráðstefna á vegum Félags íslenskra uppeldis- og meðferðarúrræða fyrir börn og unglinga. Rúgbrauðsgerðin.

„Hvað höfum við lært? Hvert stefnum við?“ Málþing um þjónustu fyrir börn og ungmenni með verulegan hegðunar- og tilfinningavanda. Haldið á vegum Sjónarhólsráðgjafarmiðstöðvar. Hótel Hilton Reykjavík Nordica.

Opnun þjónustumiðstöðvar samstöðuhópsins Vörn fyrir börn.

„Kynferðisbrot gegn drengjum.“ Málþing á vegum laga-deildar og sálfræðisviðs Háskólans í Reykjavík í samstarfi við Barnahús og Háskólann á Akureyri. Háskólinn í Reykjavík.



„Ungt fólk og lýðræði.“ Ráðstefna á vegum Ungmennafélags Íslands. Egilsstaðir.

APRÍL

„Hver er ég? – Kynferði og sjálfsmynd unga fólksins.“ Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

„Fyrirlestrar fyrir þig.“ Viðburður á vegum Regnbogabarna. Háskólabíó.

„Forvarnir eru besta leiðin.“ Ráðstefna um forvarnir gegn kynferðisofbeldi á vegum Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd (RBF) og samtakanna Blátt áfram í samstarfi við Jafnréttisstofu. Háskóli Íslands.

MAÍ

„Brotin sjálfsmynd barna og ungmenna. Ábyrgð fjölmiðla og foreldra – úrræði.“ Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

„Virkt tvítyngi – íslenskukennsla fyrir nemendur með íslensku sem annað mál og móðurmálskennsla nemenda aferlendum uppruna.“ Morgunverðarfundur um menntun innflytjenda á vegum Hringþing í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Fjölmenningarseturs og Reykjavíkurborgar.

„Árangur af stuðningsúrræðum fyrir börn, unglinga og foreldra þeirra.“ Málþing á vegum Ís-Forsa í samstarfi við Barnaverndarstofu og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. Háskóli Íslands.

„Staða ungs fólks á Norðurlöndum.“ Málþing á vegum Norræna félagsins. Norræna húsinu.

Ársfundur UNICEF á Íslandi. Þjóðminjasafn Íslands.

„Skóli margbreytileikans: Möguleikar og mótsagnir.“ Málþing á vegum Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar og Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Skriða, húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð í Reykjavík.



JÚNÍ

„Þjónandi forysta – menntun, sköpun og samfélag.“ Ráðstefna á vegum Þekkingarseturs um þjónandi forystu. Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsinu.

ÁGÚST

„Námsmat samkvæmt nýjum aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.“ Málþing á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands. Flensborgarskólinn í Hafnarfirði og Háskólinn á Akureyri.

„Réttindi barna og úrbætur á því sviði.“ Sumarfundur flokkahópsmiðjumanna í Norðurlandaráði. Hilton Reykjavík Nordica.

SEPTEMBER

„Hvernig tryggjum við rétt allra barna óháð uppruna?“ Morgunverðarfundir um lögfestingu Barnasáttmálans á vegum Teymis um málefni innflytjenda, umboðsmanns barna, Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, UNICEF á Íslandi, Námsgagnastofnunar, Reykjavíkurborgar, Samtaka Móðurmáls og Samtaka kvenna af erlendum uppruna. Grand hótél.

„Unglingar og vímuefni.“ Morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

OKTÓBER

„Snemmtæk íhlutun fyrir fjölskyldur.“ Námsstefna á vegum Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar í samvinnu við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF), Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Barnaverndarstofu. Velferðarráðuneytið og Ís-Forsa. Norræna húsið.

„Kynferðisofbeldi gegn fötluðu fólki.“ Málþing haldið af velferðarráðuneytinu, Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg, Öryrkjabandalagi Íslands, Jafnréttisstofu, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Ás-styrktarfélagi, Landssamtökunum Proskahjálp, Stígamótum, Kvennaathvarfinu, NPA-miðstöðinni og Proskabjálfafélagi Íslands. Grand hótél.

„Lífsins ganga með ADHD.“ Afmælisráðstefna á vegum ADHD-samtakanna. Grand hótél.

Málþing á vegum vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum á vegum innanríkisráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðu-



neytisins og velferðarráðuneytisins. Menntaskólinn við Hamrahlíð.

NÓVEMBER

„Ísland best í heimi?“ Jafnréttisþing á vegum velferðarráðuneytisins og jafnréttisráðs. Hilton Reykjavík Nordica.

Skólalæping sveitarfélaga á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hilton Reykjavík Nordica.

„Ungt fólk 2013 í 5., 6. og 7. bekk grunnskóla.“ Kynningarfundur á niðurstöðum æskulýðsrannsóknarinnar á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Nautahóll.

„Öll börn eru mikilvæg. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna lögfestur á Íslandi.“ Á vegum teymis um málefni innflytjenda, umboðsmanns barna, Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, UNICEF á Íslandi, Námsgagnastofnunar, Reykjavíkurborgar, Samtaka Móðurmáls og Samtaka kvenna af erlendum uppruna. Grand hótél.

„Byrgjum brunninn – uppeldi sem forvörn.“ Morgunverðarfundur á vegum Náum átta. Grand hótél.

„Er baráttan töpuð? Er hægt að vernda börn gegn skaðlegu efni í fjölmiðlum og tölvuleikjum?“ Málþing á vegum Fjölmiðlanefndar, SAFT og Heimilis og skóla. Þjóðminjasafn Íslands.

Dagur gegn einelti, dagskrá á vegum verkefnastjórnunar um aðgerðir gegn einelti. Verzlunarskóli Íslands.

„Íslenskar æskulýðsrannsóknir.“ Ráðstefna á vegum tómstunda- og félagsmálafræðibrautar MVS Háskóla Íslands, Rannsóknarstofu í bernsku og æskulýðsfræðum (BÆR), Æskulýðsráðs, félagsvísindadeildar Háskólans á Akureyri, ráðgjafanefndar um æskulýðsrannsóknir og Félags fagfólks í frítímaþjónustu (FFF).





Er aldurstakmark á því hvað börn þurfa að vera gömul til að eiga bíl?

13 ára stúlka:
„Ég verð 14 ára í ágúst og langar ofboðslega mikið að vinna með náminu og foreldrar mínir samþykkja það en ég veit ekki hvort það má og þá hvar það má ??“

16 ára stúlka
spyr hvort hægt sé að kæra samstarfsmann sem hafi beitt hana kynferðislegri áreitni og hver sé staða hennar.

Hvað er hægt að gera ef foreldri skilar ekki barni úr umgengni?

Má sekta börn?

Móðir lýsir yfir óánægju með að ekki sé hægt að krefjast greiðslu vegna ýmissa útgjalda þegar annað foreldri er látið.

Þurfa foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá barna sinna að samþykkja HPV-bólusetningu?

Er hægt að neyða börn til að fara í umgengni?

Móðir:
Getur umboðsmaður barna tekið börnin mín í viðtal til að kanna hvort þau vilji flytja með mér til útlanda?

Hvað þurfa börn að vera gömul til þess að stjórna sláttuvéi?

Þurfa báðir foreldrar að samþykkja húðflúr á barn?

Hvernig eru reglur um forsjá milli landa?

Af hverju eiga foreldrar að greiða skólabækur ef það er ekki skólaskylda eftir 16 ára aldur? Er hægt að fara í mál við foreldra ef þeir neita að borga?

Hafa foreldrar rétt á að vita lykilorð barna sinna á ýmsum miðlum, t.d. Facebook?

Móðir:
„Hvaða rétt hefur 16 ára barn til að ráða hvar það býr?“

Hver er réttur barna til að segja sína skoðun varðandi umgengni við foreldra?

Móðir spyr hvað sé hægt að gera þegar börnum hennar líður ekki vel í umgengni hjá föður.

Amma spyr hvort börn ráði ekki sjálf yfir fermingarpeningunum sínum.

17 ára strákur spyr hvort það sé löglegt að leita í herbergjum allra stráka á heimavist og taka áfengi.

17 ára stúlka spyr hvort hún ráði í hvaða menntaskóla hún fari.

„Góðan dag ég er að velta því fyrir mér hvort að það séu til reglur eða lög um það á hvaða aldri á að veita börnum einstaklingsviðurkenningar vegna námsárangurs eða fyrirmyndanemendur?“

„Mig langar að spyrja hvort það sé til einhverskonar lágmarksstærð á kennslustofu út frá fjölda í bekk svona svipað og með skrifstofu-rými?“

Hafa deildarstjórar í skólum rétt til að láta nemendur tæma vasa og taka síma eða iPad þótt nemendur hafi ekki verið að nota tækin?

Eru til reglur um hversu lengi grunnskólabörn mega dveljast óslitið í skólanum?

16 ára stúlka spyr hvort hún ráði ekki hvar hún býi.

17 ára stúlka leitar aðstoðar umboðsmanns barna vegna þess að hún býr ein en fær ekki greitt meðlag eða barnabætur.

Foreldri er ósátt við að barni hafi verið neitað um mat í kaffítímanum í leikskóla vegna hegðunar.

Hvert er hægt að leita þegar ekki er brugðist rétt við einelti að mati föður?

Ef hjón skilja en fara sameiginlega með forsjá barns síns, má þá annað foreldrið flytja utan með barnið?

Mega 17 ára unglingar búa einir? Er hægt að sekta foreldra ef barn býr ekki á heimilinu?

Er bannað að leita á börnum?

Má 16 ára stúlka fá neyðarpílluna án vitneskju foreldra?

Ég tel það óeðlilegt að börn og unglingar geti sjálf skráð sig á www.ja.is án vitundar foreldra.

Hvencær mega börn byrja að vinna og hvernig störf mega þau vinna við?

„Er löglegt að krefja barn um 3 mánaða uppsagnarfrest?“

Er föður heimilt að taka tölvu, síma og spjaldtölvu af barninu sínu og afrita öll gögnin?

„Góðan dag, mig langaði að forvitnast þar sem ég heyrði samtal um daginn að við vissan aldur barns væri til reglugerð um að það ætti að eiga sérherbergi í íbúðinni. Er til einhver svleiðis reglugerð eða lög?“

Flyst forsjá sjálfkrafa með lögheimili?

11 ára stúlka:
„Ég er 11 ára stelpa og á fáa vini og er rosalega feimin. Mér langar rosalega til að kynnst einni stelpu sem er 1 ári yngri en ég. Ég hef aldrei talað við hana en veit að hún sé skemmtileg... Hvernig á ég að byrja að tala við hana?????“

15 ára stúlka segir frá því að hún sé ástfangin af kennaranum sínum. Hvað getur hún gert?



